

UNG
I NORDEN

SKÍMA

MÁLGAGN MÓÐURMÁLSKENNARA

1. tölublað 35. árgangur 2012

Prentvæn endurgerð á tölublaði
sem kom upphaflega út sem rafrit

Útgefandi

Samtök móðurmálskennara
Kennarahúsinu við Laufásveg
101 Reykjavík

Ritstjóri



Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

PDF-endurgerð

Þetta tölublað kom út í október 2012 sem rafrit á vef Samtaka móðurmálskennara, modurmal.is, þar sem það var sniðið með skjábirtingu í huga. Í febrúar 2014 skiptu samtökin um vefbirtingarkerfi og var þá ákveðið að setja blaðið upp á PDF-sniði sem hentar betur til útprentunar og er í stíl við prentuð tölublað *Skímu*, eins og þau hafa litið út fram til 2010 og frá og með 2013.

Umbrot PDF-gerðar (2014):

Bjarki Karlsson

Efnisyfirlit

„Amma, þú kannt ekki dönsku“	3
Til lykke, grattis, onnea, gratulerer, til hamingju, gratulerar, til lukku	4
Hvenig á að efla Norrænan tungumálaskilning?	6
Jörn Lund: Dyr standa opnar fyrir norrænt málsamfélag	8
Árni Dahl: Hvaða bókmenntir lesa nemendur í kennaranámi í Færeyjum?	13
Theres Bellander: Tungumál unglinga meira en „typ yo fett va mannen va gör du“	15
Katrín Jakobsdóttir: Norðurlöndir eiga samleið	18
Hvernig lærðir þú dönsku?	21
Brynja Baldursdóttir „Ég rústa þig, rækalls rindillinn þinn“	22
Gréta Björg Jakobsdóttir	24
Auður Huld Kristjánsdóttir og Magrgrét Björg Júlíusdóttir: Ég og framtíð mín í Evrópu	26
Ingibjörg S. Helgadóttir: Af litlum neista verður oft mikið bál. Norræn nemendaskipti í Verzlunarskóla Íslands.	28
Ingibjörg Ósk Jónsdóttir: Sjálfsmynd Nemendaskipti í Verzlunarskóla Íslands.	31
Gunnar Kristinn Jónsson: Nú get ég brugðið fyrir mig dönskunni	32
Snæfríður Sól Thomasdóttir: „Það eru forréttindi að vera tvítyngd“	33
Bogi Ágústsson: Íslenska í norrænu samstarfi	35
Edda Rún Gunnarsdóttir: Íslensk móðurmálskennsla í Danmörku og Svíþjóð	36
Anna Sigríður Þráinsdóttir: Af svefnvenjum Íslendinga	41
Rúnar Helgi Vignisson: Allt veltur á eilífðinni.	42

„Amma, þú kannt ekki dönsku“

Sagan var nú ekki neitt merkileg en ungi áheyrandinn minn gaf samt ekki frá sér hljóð, hlustaði með athygli á hvert orð sem ég las – á dönsku. Það var ekki mikið lesmál á síðunum og ég lagði mig alla fram. Var bara þokkalega sátt við sjálfa mig. Svo lokaði ég bókinni og bjóst við að ömmustelpan mín segði eitthvað fallett. Eftir nokkuð langa þögn kom dómurinn: „Amma, þú kannt ekki dönsku.“ Þá vissi ég það. Ég sem þóttist hafa lært dönsku í barnaskóla, unglingaskóla og menntaskóla. Ömmustelpan hafði bara búið í Danmörku í eitt ár og hún kunni meira en ég í tungumálinu. Kannski vegna þess að ég kann ekki dönsku hefur mér lærst með árunum hve miklu máli skiptir að geta talað norrænt tungumál og geta átt samskipti við frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum. Það hefur t.d. sýnt sig í samvinnu okkar norrænu

ritstjóranna sem stýrum tímariti móðurmálskennara. Þrátt fyrir skort á dönskukunnáttu minni varð í slíkum samskiptum til hugmynd um að hvert okkar gæfi út eitt blað með sama þemanu, þ.e. UNG I NORDEN, en það var einmitt heiti á ráðstefnu Nordspråk sumarið 2011. Sumt af efninu

í þessari Skímu var því einnig gefið út í tímaritum hinna Norðurlandanna. Annað var skrifað sérstaklega fyrir okkur og aðeins birt í þessu blaði.

Skíma kemur nú út í sjötugasta sinn og í þriðja sinn sem rafrænt tímarit. Þema þessa heftis er UNG I NORDEN. Forsíðu Skímu hannaði Inga María Sverrisdóttir myndlistarkona og vefhönnuður. Henni og öðrum sem komu að útgáfunni eru færðar bestu þakkir. Þetta tölublað er síðasta Skíman sem ég ritstýri. Samskipti við höfunda og aðra sem að útgáfunni koma hafa verið gefandi og ánægjuleg. Ég þakka þeim og lesendum Skímu samfylgdina.

Júní 2012

*Svanhildur Kr. Sverrisdóttir,
ritstjóri Skímu*



Til lykke, grattis, onnea, gratulerer, til hamingju gratulerar, til lukku

Nordspråk verður 40 ára árið 2012

Nordsprák eru samtök norræna fagfélaga fyrir móðurmáls- og tungumálakennara. Í vinnuhópi Nordsprák er einn til tveir meðlimir frá hverju félagi. Hópurinn hittist a.m.k. einu sinni á ári og skipuleggur væntanleg námskeið og útgáfustarfsemi. Hin síðari ár hafa störf ritstjóra norrænu tímaritanna verið samtvinnuð Nordsprák og sú samvinna hefur leitt af sér norræn þemahefti og greinar sem birst hafa í málögnum landanna.


Nordsprák hafa reynst mikilvæg við að miðla því sem gerist á sviði bókmennta og menningar á Norðurlöndunum. Nordsprák hefur auk þess tryggt að kennsla í norrænu efni þróist og njóti góðs af nýjum hugmyndum. Nordsprák verður 40 ára á þessu ári og það er athyglisvert að samtök sem byggja afkomu sína á árlegum styrkjum og sjálfbodastarfi hafi starfað svo lengi.

Meginmarkmið Nordsprák er að skipuleggja endurmenntunarnámskeið um norræn viðfangsefni og gefa út kennsluefni í móðurmáli og menningu Norðurlandanna. Fastur liður í starfseminni eru norrænu sumarnámskeiðin þar sem grunn- og framhaldsskólakennarar fá tækifæri til þess að kynna náttúru, menningu,

tungumálum og sögu í norrænu samhengi. Staðsetning námskeiðanna og viðfangsefni eru mismunandi frá ári til árs en áhugi manna fyrir þessu efni er ávallt til staðar. Alls hafa verið haldin 39 námskeið. Mörg þeirra hafa þótt bæði spennandi og nýstárleg, má þar nefna Opdagelserejsende i litteraturen (haldið á Svalbarða), Fra Snorre til standup (haldið í Borgarfirði á Íslandi) og Det fantastiske i den

Lis Madsen
verkefnisstjóri
Nordsprák
lima@ucc.dk

Þýðandi:
Kristín Björk
Gunnarsdóttir






LIS MADSEN

nordiske fortælling (haldið í Brønnøysund í Norður-Noregi). Sumarnámskeiðin eru haldin til skiptis í löndunum og skipulögð með þeim hætti að þátttakendur kynnist menningu, bókmenntum og náttúru viðkomandi lands. Að sjálfsögðu er skandinavíska það tungumál sem er notað á námskeiðunum.

Samhliða sumarnámskeiðunum eru á hverju ári skipulögð námskeið og ráðstefnur þar sem ákveðnir markhópar fá tækifæri til að skoða og fjalla um norræn þróunarverkefni. Hin síðari ár hefur verið lögð mikil áhersla á hvernig auka megi áhuga ungs fólks á Norðurlöndunum. Það leiddi til þess að haldið var námskeið um farsímamenningu (Mobilkultur) og einnig var haldin ráðstefnan Ung i Norden.

Nordspråk höfðu frumkvæði að útgáfu kennsluefnis sem tengist Norðurlöndunum. Í því er m.a. að finna góðar hugmyndir fyrir kennara og kennaraefni um hvernig vinna má með norrænar kvikmyndir. Á Íslandi hafa dönskukennarar einnig nýtt sér margt úr efninu í tungumálakennslunni.

Nordspråk eru með eigin heimasíðu, nordsprak.dk, þar sem útgefið efni og námskeið sem eru á döfnni eru kynnt. Þar er einnig hægt að nálgast upplýsingar um starfsemi samtakanna. Nordspråk eru hluti af þriggja ára verkefni sem kallast „Nordisk mál“, og er það styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Danska kennarasambandið er umsýsluaðili fyrir Nordspråk og veitir aðstoð við bókhald og fundargerðir.



Hvernig á að **EFLA** norrænan tungumálaskilning?

Þáttakendur á ráðstefnunni „Ung i Norden“ komu með hugmyndir um hvernig mætti auka og bæta kennslu í norrænum tungumálum. Margir voru þeirrar skoðunar að hafi einstaklingur góða þekkingu á fjölbreytni eigin móðurmáls sé hann móttækilegri fyrir tungumálum og geti þannig öðlast betri skilning á tungumálum nágrannalandanna. Læri einstaklingur tungumálasögu

tengist það uppbyggingu á fjölbættum málskilningi og er í nánum tengslum við uppbyggingu á fjölbættum málskilningi (d. kontrastiv sprogforståelse). Þannig verður auðvelt að átta sig á þeim þáttum sem eru mismunandi, til dæmis í sænsku, norsku og dönsku, og auðveldar skilning á málum nágrannaríkjanna.

Kennarinn hefur vitanlega afgerandi áhrif á hvort kennsla í hinum norrænu tungumálum

heppnist. Mikilvægt er að réttlæta norrænt samstarf fyrir nemendum, sérstaklega í alþjóðlegu og evrópsku sambandi. Kennslan verður að hefjast snemma og vera tilgerðarlaus. Það getur til dæmis verið gagnlegt að láta nemendur finna orð sem þeir þekkja úr sínu eigin tungumáli. Notkun orðaleikja, að elda norrænan mat eða hlusta á tónlist frá öðrum norrænum löndum eru allt góðar aðferðir.

Ivar
Lærkesen
í stjórn Dansk
Noter, tímarits
danskra
móður-
málskennara
ilaerkesen@
gmail.com

Þýðandi:
Kristín Björk
Gunnarsdóttir



Þemu í kennslunni þurfa að höfða til ungmenna og sama á við um kennslugögnin, til dæmis íþrótt- og unglingatímarit.

Kennslan þarf að byggja á löngun til að gera eitthvað með þekkinguna sem viðkomandi öðlast og hugrekki til að endurmóta hið norræna. Það ætti að takast með fjölbreyttri kennslu. Ekki aðeins ætti að lesa klassíska norræna texta heldur ættu nemendur einnig að hafa aðgang að nýjum bókmenntatextum. Til dæmis mættu nemendur lesa nútímasmásögur sem hafa ekki enn verið þýddar. Það var skoðun margra ráðstefnugesta að mikilvægt væri að fræðast um norrænt fólk í kennslunni, til dæmis í fréttum, kvikmyndum og tónlist.

Munnleg tjáskipti voru talin afar mikilvæg í hugleiðingum um tungumálakennslu í norrænum málum. Hægt væri að notast við upplestur af hljóðbókum. Vinna með fjölmiðla skipaði almennt stóran sess í umræðunum. Það á sérstaklega við um rafræna fjölmiðla; sjónvarp, kvikmyndir og ekki síst netið. Þar er að finna ýmsa þjónustu sem gerir fólki kleift að fá yfirsýn yfir norrænu tungumálin, þar sem fjölbreytni þeirra kemur greinilega í ljós. Þar er hægt að komast í tæri við málin og heyra hvernig fólkið talar í Umeå, Björgvin (Bergen), Reykjavík eða Kaupmannahöfn. Sjónvarp og kvikmyndir geta því vel verið við hæfi í kennslunni. Kvikmynda- og myndbandsþjónustur á netinu auðvelda það. Til að mynda getur Youtube verið mjög gott tæki í tungumálakennslu norrænna mála. Á þessu eru þó takmarkanir vegna ýmissa réttinda og það er enn þörf á að koma á norrænum úrræðum með forritum og kvikmyndum til notkunar í kennslu. Fram kom



IVAR LÆRKESEN

sú hugmynd að hanna heimasíðu þar sem nemendur gætu sótt efni og komist í samband við önnur ungmenni frá Norðurlöndunum. Það er ekki aðeins hægt að nota netið til að leyfa nemendum að heyra tungumál annarra norrænna ríkja. Það má einnig nota það til að mynda óhindruð samskipti milli ungmenna á Norðurlöndunum, samskipti sem síðar geta leitt til nemendaskipta og jafnvel kennaraskipta. Við

landamærin væri við hæfi að veita tækifæri á starfsnámi sem fólk gæti sótt hjá nágrannaþjóðunum.

Munnleg tjáskipti, viðeigandi námsgögn, nálægð við aðstæður og fjölbreytni nemenda um hvernig þeir skynja tungumál skipuðu stærstan sess í umræðum ráðstefnunnar, aðferðir sem óhætt er að segja að séu nýjar miðað við hvernig tungumálakennsla í nágrannamálum hefur verið stunduð.

Dyr standa opnar fyrir norrænt málsamfélag

Í greininni bendir Jörn Lund á það með sterkum rökum hve mikilvægt er að vinna úr norrænum málskilningi og að á hnattvæðingu ber ekki einungis að líta sem ógnun við norrænt málsamfélag. Hún getur einnig styrkt vitund okkar um samfélagið og skapað nýja fleti í samskiptum.

Hvað á að gera við norræn tungumál? Eru þau nokkuð annað en skjöldur til að verjast hnattvæðingunni, þrándur í götu efnahagslífsins og kveðja úr fortíðinni? Tungumál heimsins eru fleiri en fimm þúsund og af þeim deyja nokkur í hverjum mánuði. Er ekki rétt að ýta á eftir þeirri þróun og sýna að Norðurlönd eru alltaf í fararbroddi?

Við gætum byrjað á því að veita enskunni stöðu opinberrar tungu með sama rétt og heimamálið í norrænum löndum. Síðan mætti taka upp kínversku sem fyrsta erlent mál í skólakerfinu og indversku sem mál númer tvö. Gleymum tungumálum nágrannaþjóða. Vinna við norræn tungumál yrði þá viðfangsefni þjóðfræðinga og söguáhugamanna.

Svona lagað lætur enginn út úr sér en til eru þeir sem hugsa á þessum nótum. Tíðarandinn á það til að bregða fæti fyrir vitræna starfsemi og það gildir um skólakerfið og norrænt málsamfélag. Ef til vill var það þess vegna sem Ivar Lærkesen bað mig um að ræða þetta mál á lokadegi ráðstefnu um norræn tungumál og bókmenntir á Schæffergården síðla sumars 2011. Þátttakendur

voru framhaldsskólakennarar frá öllum Norðurlöndunum og dyr stóðu þannig séð opnar fyrir norrænt málsamfélag. Danskir norskir og færeyskir þátttakendur ræddu af kappi og og skildu hver annan þrýðilega. Flestir Íslendinganna fylgdust vel með en þurftu þó að leggja meira á sig en miðskandinavarnir; þátttakendur með finnsku sem móðurmál áttu á brattann að sækja.

Samfélag þrátt fyrir sögu

Titill ráðstefnunnar var „Ung i Norden“ og ein af grunnhugmyndunum var sú að norrænu málin eru tungumálin okkar en ekki enska. Hópurinn hafði áhuga á málnotkun ungu kynslóðarinnar því það er einmitt hún, eins og sagt var í boðsbréfinu, „... sem er áhugaverð þegar litið er til framtíðarinnar í norrænu málsamfélagi;“ samfélagi sem ekki hefur einungis þróast eins og vænta mátti af sögunni heldur einnig að mörgu leyti þrátt fyrir söguna:

- Svíþjóð og Finnland eiga sér langdregna og dramatiska sögu.
- Danir og Svíar hafa oft háð stríð og verið erfðafjendur öldum saman.
- Svíar og Norðmenn voru hársbreidd frá vopnuðum átökum árið 1905.
- Áland er finnskt en þar tala menn ekki finnsku.
- Noregur tapaðist Dönnum en vannst fyrir sjálfan sig nokkrum sinnum og með

nokkrum opinberum ritmálsgerðum.

- Íslandi var að nokkru leyti stjórnað frá Danmörku öldum saman en Íslendingar slitu því ríkjasambandi endanlega 1944.

Færeyingar, Grænlandingar og Samar búa enn ekki við sjálfstjórn á öllum sviðum.

Hið norræna samfélag hefur lifað allt þetta af. Ætli það geti ekki líka unnið bug á því útbreidda tómlæti sem víða má sjá í skólum og samfélagi á Norðurlöndum.

Persónulegt sjónarhorn

Það vekur börnum jafnan furðu að heyra tungumál nágrannaþjóða. Þau eru sjálfhverf í sínu tungumáli og reynslulaus og finnast að tungumál nágrannanna sé útúrsnúningur og jafnvel fyndinn útúrsnúningur á þeirra eigin tungumáli.¹ Öðru máli gegnir um raunveruleg erlend mál sem eru svo fjarlæg heimamálinu að þau virðast strax vera tungumál af öðru tagi.

Margir heyra ekki um tungumál nágrannaþjóða fyrr en í skólanum, því þau eru nánast horfin úr fjölmíðlum. Ef þar heyrir í „erlendum Skandinava“ er hann eða hún þegar í stað þýddur eða fær með sér texta á skjá. Nærtækt og nýtt dæmi eru fréttir af hörmungunum á Úteyju.

¹ Þetta á ekki einungis við um börn. Margir Íslendingar líta færeysku þessum barnslegu augum sjálfhverfu og reynsluleysis (ath. þýðanda),

Jörn Lund

Professor við Dönsku akademíuna og á sæti í Danskri málnefnd. Stundaði lengi rannsóknir og kennslu við Kaupmannahafnarháskóla og Danmarks Pedagogiska universitet.

Þýðandi: Kristján Jóhann Jónsson

Af gildum ástæðum voru mörg viðtöl tekin við Jens Stoltenberg og ræður hans sendar út. Norskan hans er einstaklega vel skiljanleg bæði fyrir Dani og Svía. Allt þurfti það nú samt að snúast í gegnum tungumálsvindu og þýðingu.

Var ástandið betra áður fyrr? Hér vísa ég í mína eigin norrænu sögu. Hún átti sér stað á fjórða. áratug aldarinnar og fram á þann sjötta. Áður, í heimsstyrjöldinni síðari og eftir hana, var norrænt samfélag valkostur andspænis ógnunum að sunnan, það var sunginn fjöldasöngur og í söngbók framhaldsskólans var aragrúi norrænna söngva. Í útgáfunni frá 1966 eru enn 118 síður með norrænum söngvum, en í kaflanum „Önnur lönd“ eru einungis 7 síður sem skiptast á milli annarra landa heimsins. Kaflinn um norrænu löndin er með undirköflum, svo að þar eru söngvar frá hverju svæði, einnig Finnlandi. Í útgáfunni frá 1996 eru norrænir söngvar 99 og þar af 47 danskir. Þessar tölur gefa örugglega ekki raunsanna mynd af heimi sönglistarinnar.

Sem sagt: Kennararnir höfðu áhuga á starfi sínu og eins og menn vita hefur það áhrif á nemendur. Hafi kennari bæði þekkingu og áhuga næst tak á nemendum. Dönskukennarinn hafði dvalist lengi í Færeyjum og var óþreytandi að segja frá náttúruferjum og menningu á þeim stað – og hún kynnti fyrir mér hið svonefnda “ina d” sem enn er notað í færeysku og íslensku. Við lásum sveitasögur Björnson og úr bókinni Kátur drengur „En glad gutt“ áttum við að læra þroskandi vísur skólameistarans utan að: „Elskaðu náungann kristna sál“. Sögur Selmu Lagerløf voru oft teknar fyrir í bókmenntakennslu og svo var sungið í hverri kennslustund. Það voru oft norrænir

2 Höfundur er hér að ræða um bókstafinn 'ð'.

söngvar, t.d. sá hræðilegi söngur eftir Christian Richardt: „Skál fyrir tengslum tindrandi vatna“. Hann var saminn 1860 þegar Danir höfðu gildar ástæður til þess að óttast nýja árekstra við Þjóðverja og raunverulegt markmið hans var að hvetja norska og sænska stúdenta á norrænu móti til þess að fylkja liði eins og sannir fóstbræður undir fánunum með dönskum hermönnum. Söngtextanum lýkur svona [í lauslegri þýðingu]:

*Stórt er bilið frá stúdentsins nesti
að stórmenna veislunum feitu.
um Norðurlönd dragnast
á höltum hesti
hetjurnar undirleitu.
Þessi armæða skal þó skána
er skín við Kattegat þyrping fána
þar norrænir fara í flokki,
fylgir þeim dyggð og þokki!
Við dugum þá enn
þessir djörfu menn
og skál þeirra garpa
sem ganga í snarpa
orustu og sigra senn.*

Við nemendurnir sungum með án þess að leiða hugann að því að verið væri að hvetja Norðurlönd í stríð við Þjóðverja. Sögu-kennarinn var nánast að segja norræn ofsatrúarmanneskja og lá við að hún brotnaði saman þegar segja þurfti frá innbyrðis stríðum norrænna þjóða, og af þeim er vissulega nóg. En allir kennararnir höfðu áhrif á okkur með tilfinningahita sínum, og tíðarandinn var norrænn! Tengsl sósíaldemókratískra flokka og ríkisstjórna þeirra voru einstaklega sterk, Hedtoft forsætisráðherra gekk þar fremstur í flokki uns hann lést í Stokkhólmi en þar var hann þá þátttakandi á samnorrænum fundi.

Námsefnið var einnig norrænt, sérstaklega í miðskólanum þar sem sænska var skyldugrein; lengst af var litið á norsku sem



JØRN LUND

tilbrigði við dönsku og Ibsen og Bjørnson voru þar af leiðandi lesnir á frummálinu sem er líkara dönsku en nútímanorska; því má eiginlega lýsa sem dönsku með norskum innskotum. Sænskur framburður var kenndur og okkur fannst öllum að kennararnir væru með látalæti þegar þeir reyndu að lesa upp á sænsku. En það urðum við líka að gera og komumst ekki hjá því að átta okkur á mikilvægasta muninum á dönskum og sænskum framburði, og smávegis málfræði. Eftir því sem ég best man var nóg að þekkja lýsingarhátt þátíðar, kunna að sleppa sögnum í aukasetningum og tala um „tvöfalda ákveðni“ á réttum stöðum.

Ekki verður með sanni sagt að við höfum haft gaman af að lesa upp á sænsku, en það var gagnlegt að mynda þessi erlendu hljóð, það gerði okkur léttara að ná sænskunni og skilja hana. Geti maður sagt hljóð er auðveldara

að þekkja þau aftur. Fólk er misnæmt á hljóð. Ég þekki frábæra málfræðinga sem eru mjög slakir að líkja eftir hljóðum.

Í framhaldsskóla var sænska líka skyldugrein og gert ráð fyrir því að við vissum sitt hvað um norsku, meðal annars ritmálin tvö en réttmæti þeirra hafa Danir aldrei skilið. Öðru hverju komu því miður farandkennarar frá Svíþjóð eða Noregi. Þá var nemendum smalað inn í leikfimisálinn til þess að hlusta á fyrirlestur sem þeim þótti sjaldan áhugaverður. Margir héldu ekki alvarlegu yfirbragði svo að vesalings kennararnir urðu að vera á ferð um salinn að þagga niður ófriðinn. Norskur sendikennari talaði í rúman klukkutíma um Pan eftir Knut Hamsun. Öruglega var margt gott í því sem hún sagði en hún bar 'Pan' fram með norskum framburði eins og við mátti búast og í hvert skipti heyrðist okkur að hún segði: 'pang' og þá var hlegið í salnum. Afar vandræðalegt. Þannig á ekki að kynna bókmenntir nágrannaþjóða. Vesalings kennaranum var ætlað að flytja fyrirlestur sinn um Pan í 15 framhaldsskólum. Enginn hafði heyrt minnst á Pan og það eina sem menn vissu um Hamsun var að hann hefði verið nasisti.

Tengsl þrátt fyrir tíðaranda

Af þessari persónulegu sögu má ef til vill læra þrennt: Um norræna tungu og menningu þarf að kenna ef menn eiga að vita eitthvað um hana; ef nemendur eiga að skilja hvers vegna norræn mál eru mismunandi en ekki skrýttinn útúrsnúningur á móðurmálinu. Trú kennarans á viðfangsefnið er þar ómissandi. Þannig er þetta ennþá og þekking á norrænum málum og menningu stendur og fellur með miðlun þeirra sem bera málið fyrir brjósti. Sem betur fer eru þeir til, þeir mennta sig í

tungumálum, taka þátt í norrænum ráðstefnum og lesa hver annars bókmenntir. En tíðarandinn er breyttur.

Hvaða tíðarandi er þetta? Hægt er að komast á slóð hans með því að íhuga hvað ætlast er til að rökstutt verði, hverju á að berjast fyrir og hvaða mál er ekki vel séð að menn taki upp á sína arma? Á sjötta áratugnum þótti rétt að kenna norrænt efni, þannig er það ekki lengur. Margir nemendur og kennarar spyrja hvers vegna ætti að vera að því. Þar með er varpað á mann sönnunarbyrði sem eins gott er að horfast í augu við og reyna að lyfta.

Nokkur tilfelli, til þess að þurfa ekki að nefna dæmi, gætu ef til vill gefið vísbendingu. Öll hverfast þau um vaxandi

hreyfanleika – og nú kemur það: á öld hnattvæðingarinnar. Við þurfum að komast frá eigin landi og málumhverfi til þess að skynja mikilvægi norræns samfélags og þeirra gilda sem það byggist á.

Fyrsta dæmi: Margar hópferðir suður á bóginn eru skipulagðar á norrænum vettvangi af samtökum sem eru virk um öll Norðurlönd (en oft í eigu samtaka utan Norðurlanda). Barnafjölskyldur eru margar þegar komið er á áfangastað og mörg barnanna uppgötva að léttara er að leika sér við og tala við börn frá öðru skandinavísku landi en til dæmis frá Frakklandi eða Ítalíu. Börnin eru skotfljót að byrja að tjá sig á norrænni tungu meðan foreldrarir þurfa að æfa sig til þess að skilja nágrannamálin.

30. ÁRGANG, DECEMBER 2007

mál+mæle

Er Lars doven, og Peter dum?

Nogle navne har fået en generel betydning, en *dovenlars*, en *dummepeter*, en rigtig *brian*. Betydningerne er kommet mange steder fra i tidens løb. En navneforsker giver en oversigt over disse betydningsfulde navne side 8.

Time, tsime eller tjime. Unge udsender signaler med udtalen

En sprogforsker har brugt mere end et halvt år sammen med elever i 9. klasse for at undersøge deres udtale. Det viste sig, at de unge signalerer 'dansk' eller 'udlænding' uden at være bundet af hudfarve eller herkomst. Det gjorde drengene med andre udtaler end pigerne. Marie Maegaard skriver om resultater af sin ph.d.-afhandling side 13.

Falske venner på svensk

En frikadelle i dansk hedder på svensk köttbulle. Det danske ord kødbolle svarer til svensk frikadell. Så *frikadelle* og *frikadell* er rigtig falske venner, som kan give anledning til misforståelser. *Mål og Mæles* serie om falske venner er nået til svensk. Side 20.

Krøllede bogstaver

Flere læsere har stillet spørgsmål om de krøllede bogstaver, fraktur-skriften: hvorfor blev den blandet med almindelige bogstaver, og hvorfor gik den af mode? Grafisk designer Bent Rohde giver svarene side 25.

Årets ord

Skal årets ord være *Dash* eller *dyrevelfærdsministerium* eller måske et helt andet? Se flere nomineringer side 32.



BLOMMOR

Sprogligheder	2
Den danske jens er en ordentlig bølge	8
"Du kan bare høre det af den måde hun snakker på"	13
En frikadell er en kødbolle, og en köttbulle er en frikadelle	20
Fraktur eller antikva. Kampen mellem to skrifttyper	25

Litteraturen har sikkert stor betydning for litteraturens sprog, men har ingen som helst indflydelse på sproget uden for litteraturen.

Erik Hansen i *Mål og Mæle* nr. 1, 1999

Annað dæmi: Á öllum Norðurlöndum er skipulega unnið að því að fá námsmenn til þess að sækja hluta af menntun sinni til útlanda. Ensikumælandi háskólar þykja sérstaklega aðlaðandi og sé það ætlunin að læra góða ensku ætti leiðin ekki að liggja til Spánar eða Þýskalands í háskóla sem bjóða kennslu á ensku, heldur til lands þar sem enskan er útbreiddasta móðurmálið.

Margir námsmenn átta sig á því meðan dvalið er erlendis að

Um það bil 100.000 manns fara á hverjum degi til norrænnar nágrannaþjóðar, tugir þúsunda setjast að árum saman og fólk verður jafnvel ástfangið þrátt fyrir mismunandi norræn tungumál.

þeir eiga meira sameiginlegt með námsmönnum frá Norðurlöndum en öðrum. Þeir undrast það sama, þeir eru með svipaða þekkingu úr skólakerfinu og hún er ólík því sem gerist hjá til dæmis Suður- og Austur-Evrópskum námsmönnum. Þegar þeir ætla að slaka á leita þeir yfirleitt hver annan uppi og tala þá sín móðurmál. Norskir og danskir stúdentar gera það langoftast sín í milli en sænskir stúdentar reyna oft að auðvelda samskiptin til bráðabirgða með því að tala ensku í stað þess að æfa sig í að skilja dönsku og norsku sem þeir gætu gert á nokkrum vikum. Ef samskiptin byrja á ensku getur orðið erfitt að halda í norrænan heimavöll. Náist samkomulag um hann getur norrænt samfélag orðið eins og sjálfstætt svæði í erlendu umhverfi. Hvort tveggja er nauðsynlegt; að geta látið að sér kveða í alþjóðlegu samhengi og eiga sér sinn heimavöll.

Þriðja dæmi: Eitthvað yfir 50.000 borgarar frá norrænum löndum hafa sest að við Miðjarðarhafið, til dæmis á Mallorca eða

spönskum sólarströndum. Sænski málfræðingurinn Ulla Börestam hefur rannsakað tengsl innan norrænna hópa þarna suðurfrá og sagði frá því á ráðstefnu á Íslandi (október 2011) að margir kynntust án þess að mismunandi skandinavískar tungur kæmu í veg fyrir það; töluðu móðurmál sitt og æfðu sig í að skilja nágrannamálin.

Nýr félagsskapur

Þessi dæmi sýna að hnattvæðinguna er ekki rétt að túlka einungis sem ógnun við norrænt mál-samfélag. Hún getur einnig styrkt vitund okkar um það sameiginlega og myndað nýja fleti í samskiptum. Norrænt málsam-

félag er alls ekki kveðja frá liðnum öldum.

Mikið af umræðunni um Norðurlönd byggist á ranghugmyndum um að norræn samvinna birtist skýrast í skálaráðum sem fluttar eru á hátíðlegum samkomum. Trúi menn því er vissulega ekki um margt að ræða. Vissulega á norrænt samfélag sögulegar rætur og auðvitað tengist það rómantískum hugmyndum, en það sem mestu máli skiptir er að norrænt samstarf er raunveruleiki í öllum stéttum samfélagsins. Það er ekki einungis menningarfólk, jakkalakkar og ráðstefnuljón sem nýta sér Norðurlandasamstarf. Norrænt samstarf er í öllum stéttum, það eru danskir byggingaverkamenn í Tromsø, sænskar hjúkrunarkonur í Danmörku, norskir atvinnurekendur í Danmörku, færeyskir stúdentar í Skandinavíu, grænlenkskir jarðfræðingar á Íslandi og finnskir atvinnurekendur í norrænum höfuðborgum. Í norræna efnahagsgeiranum er starfað þvert á landamæri. Norræn-



ar þjóðir eiga mikið erindi hver við aðra. Um það bil 100.000 manns fara á hverjum degi til norrænnar nágrannaþjóðar, tugir þúsunda setjast að árum saman og fólk verður jafnvel ástfangið þrátt fyrir

Mikið af umræðunni um Norðurlönd byggist á ranghugmyndum um að norræn samvinna birtist skýrast í skálaráðum sem fluttar eru á hátíðlegum samkomum.

mismunandi norræn tungumál.

Árum saman hafa margir sænsikumælandi unnið þjónustustörf í norskum og dönskum borgum. Í hvert skipti sem ég fæ afgreiðslu eða þjónustu hjá Svía spyr ég hvernig samskiptin gangi. Þau ganga vel, þau skilja og skiljast að öðru jöfnu og læra á nokkrum vikum að sneiða hjá misskilningi sem vitanlega getur átt sér stað, ekki síst í talmáli. Sömu sögu segir hópur eftir hóp frá Lysebu og Schæffergården. Þar

hefur ungt fólk fra Skandinavíu hist árum saman, verið ráðið í vinnu og unnið saman í eitt eða tvö ár og komið út í gróða sem ekki er efnahagslegur; þau eru í

Sé stefnan sú að gefa norrænt málssamfélag upp á bátinn er jafnframt verið að leysa norræna samvinnu upp á límingunum og í staðinn fáum við það erlenda tungumál sem flestir tala: Lélega ensku.

góðu sambandi við skandinavísku tungumálin og skilja það sem sagt er án þess að hugsa mikið um hvað tungumálið heitir.

Hugmyndir

Ef ætlunin er að greiða fyrir norrænu málssamfélagi gæti verið góð hugmynd að búa til yfirlit yfir tungumál heimsins, bæði lítil tungumál og stór (netið hefur skapað mikla möguleika á því að gera slíkt), um skyldleika tungumála og málþróun á Norðurlöndum frá 800 og framúr. Það væri hægt að byrja á Gunnlaugs sögu Ormstungu, sögu skáldsins sem ferðaðist víðs vegar um Norðurlönd, Írland og England og gat alls staðar flutt mönnum hetjukvæði og níðvísur – sem skildust.

Saga norskrar tungu, eða réttara sagt, sagan af norsku tungumálunum í Noregi, er afar áhugavert málfélagsfræðilegt efni sem ekki er erfitt að vekja áhuga á. Ekkert tungumál líkist dönsku eins mikið og norska, en málssamfélagið er gjörólíkt, bæði með tilliti til vitundarinnar um tungumálið og landfræðilegrar notkunar.

Sjálfur hef ég orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að afhenda einum skólabeck hið íslenska Fréttablað sem er ókeypis. Það er hægt að byrja á stórum auglýsingum því þeim fylgja oft stórar myndir eða myndskreytingar sem auðvelda

skilning. Stundum er maður svo heppinn að geta stautað sig gegnum stutta texta, til dæmis smáauglýsingar – að ekki sé nú talað um dánarfregnirnar sem eru textategund með takmarkaðan orðaforða. Á netið er líka hægt að sækja jólaguðspjallið á íslensku (og öðrum norrænum málum); ef nemendurnir kunna það á móðurmáli sínu getur það auðveldað skilning en þekki þau ekki þann texta má leita uppi fréttir af daglegum atburðum, til dæmis þegar Ólympíuleikar eða önnur stór íþróttamót fara af stað og talað er um þau á öllum Norðurlöndum.

Það er með öðrum orðum auðvelt að benda á góðar hugmyndir um það hvernig hægt er að vinna með norrænt efni. Auk eiginlegra kennslubóka má benda á tímaritin Mál & Mæle, Sprog i Norden, Nyt fra Sprognævnet og tímarit norrænu móðurmálskenningaranna en þar er mikið af gagnlegu kennsluefni. mol_og_maele.Á netinu getur að líta möguleikana á heimasíðu Norrænnar málsamræmingar: (www.nordisksprogkoordination.org). Netið er blessun fyrir alla sem taka vilja þátt í norrænu starfi, ekki einungis dönskukennara.

Bráðlega verður einnig hið vandaða safn bókmenntatexta sem Brostrøm og Juhl Rasmussen völdu, „Nordisk litteratur – til tjeneste“ aðgengilegt á netinu og þá geta menn sótt sér texta af öllu norræna málsvæðinu, oft með mörgum máltilbrigðum, og „Nordens Sprog – rødder og fætter“ er alveg bráðsniðugt efni. Án allrar feimni leyfi ég mér einnig að benda á nokkra kafla í bók minni: „Den sproglige dagsorden“, Gyldendal 2003.

Norðurlöndin í Norðvestur-Rússlandi

Norrænir stjórnámálmenn, dyggilega hvattir nokkra hrið af

hátt settum embættismönnum í Norrænu ráðherranefndinni, hafa eftir 1990 staðið í ströngu við að færa út kvíar Norðurlanda eða þynna út hugmyndina um Norðurlönd. Hið trausta norræna samstarf er undið saman úr þremur, eilítið misjöfnum þáttum: Sameiginlegri sögu, landfræðilegri legu og skyldleika tungumála. Danir, Norðmenn og Svíar skilja hverjir aðra og íslenska og færeyska eru tungumál af sömu rót. Finnska, samíska og grænlenska eru af öðrum toga. Það hefur skapað misgengi í samskiptum, Finnar, Samar og Grænlendingar hafa goldið þess og það skapar þrýsting á norrænt málssamfélag.

EKKI hefur það bætt úr að stjórnámálmenn hafa þynnt út hugmyndina um Norðurlönd með því að telja Eystrasaltslöndin með þeim. Auðvitað hafa allir samúð með þeim og skilning á þeirra stöðu en þau standa ekkert nær norrænni menningu og tungumálum en Þýskaland og Pólland. Stöðugt fleiri ráðstefnur nota túlka eða eru haldnar á ensku, meðal annars af tillitssemi við þátttakendur frá Eystrasaltsríkjum. „Raunverulegir Finnar“ hafa einnig krafist slíkra lausna.

Sé stefnan sú að gefa norrænt málssamfélag upp á bátinn er jafnframt verið að leysa norræna samvinnu upp á límingunum og í staðinn fáum við það erlenda tungumál sem flestir tala: Lélega ensku. Hér verður skólakerfið að hlaupa undir bagga. Besti farangur sem nemendurnir geta farið með út í heiminn er vel þroskað móðurmál, góð enska, tvö til þrjú önnur tungumál – og vel gróinn norrænn heimavöllur eða með öðrum orðum góður skilningur á norrænum málum. Gjörrið svo vel, dyr standa opnar!

Hvaða bókmenntir lesa nemendur í kennaranámi í Færeyjum?

Í þessum pistli svarar Árni Dahl fyrirspurn ritnefndar Skímu um kennaranám í Færeyjum. Hann segir m.a.: „Tá ið eg sjálvur leyk kennaraprógv fyri stívliga 40 árum síðan, dugdu vit minst fimmti yrkingar uttanat. Nú siga studentarnir, at teir kunnu finna tær á Google. Men gerast yrkingar og prosabrot soleiðis partur av kennarasamleika teirra?“

Í 1870 varð nýggj kommunulóg sett í gildi í Føroyum. Sambært henni skuldu skúlar skipast úti um bygdin. Og í tí sambandi varð settur á stovn skúli (Færøernes seminarium, seinni Føroya Læraraskúli), sum skuldi búa út teir lærarar, sum skuldu undirvísa í hesum skúlum.

Móðurmálið var tó ikki kenslugin á hesum lærdómsstovni (og varð tað ikki fyrr enn í 1907). Ikki fyrr enn í 1938 varð loyvt lærarum at undirvísa á føroyskum í fólkaskúlanum.

Í ár hvørur stovnsheitið Føroya Læraraskúli, og lærarar nema sær nú kunnleika á Námsvísindadeild Fróðskaparseturs Føroya (stovnarnir vórðu lagdir saman í 2008).

Lesturin er skipaður sum trý ára lestur, ið endar við B.ed.-ritgerð og verju, og einum fjórða ári, ið endar við yrkisrættaðari ritgerð og verju.

Her verður stutt lýst, hvørja støðu móðurmál hevur í hesi útbúgving, tá ið um kennaranám er at røða:

Fyrsta árið: Føroyskt mál – grunnskeið (9 ECTS). Hetta skeiðið lesa allir studentar, og treyt fyri framhaldandi lestri er at standa prógv.

Annað árið stendur studentum í boði at velja millum tvær greinir: 1. Mál og málundirvísing – Hugvísindabreytin og 2. Náttúruvísindabreytin. Hesi árin, skipanin er roynd, hava um tveir triðingar valt fyrru greinina, ein triðingur ta seinnu.

Á fyrru greinini eru lestrarnevni hesi:

- Mál- og lesimening/ máldidaktikkur (15 ECTS)
- Myndir og filmar (15 ECTS)
- Starvslæra (5 ECTS)

- Evropisk mentasøga I. Norrøn tíð – Upplýsing (9 ECTS)
- Evropisk mentasøga II. Romantikkur - Modernisma (9 ECTS)
- Próvtøkuverkefni (7 ECTS)

Triðja árið: Fyrra valgreinin (45 ECTS) og B.Ed-verkætlan (15 ECTS)

Fjórða árið: Seinna valgreinin (45 ECTS) og Yrkisrættað verkætlan (15 ECTS).

Bókmentir verða eyðvitað lisnar á Hugvísindabreytini (2. lestrarárið) og í valgreinini føroyskum, sum kann vera 3. ella 4. árið.

Hugvísindabreytin er sum sæst skift sundur í tvey mentasøgu-tíðarskeið við hesum bókmentahøvudsverkum:

Víkingatíð: *Føroyingasøga* og *Gísla søga Súrssonar*

Árni Dahl
lektor við
Mennta-
vísindadeild
Fróðskapar-
seturs Færeyja



Miðöld: Sigrid Undset: *Kristin Lavransdatter*, 1920; Sjón: *Skuggabaldur*, 2005 (á før. 2006)

Endurburðarskeiðið: William Shakespeare: *Macbeth*, 1606 (á før. 2000)

Romantikkur: St.St Blicher: *Hosuseljarin*, 1829 (á før 1986) Georg Büchner Woyzeck 1837 (á før 1975)

Nýbrotið: Henrik Ibsen: *Eitt dukkuheim*, 1879 (á før. 1984)

Modernisma: Franz Kafka: *Umskapanin*, 1915 (á før. 2007)

Umframt hövuðsverkini verða lisnar um 2000 síður av yrkisteksti og tektum, ið umboða tíðarskeiðini.

Valgrein í føroyskum lesa skúlaárið 2012/13 átjan studentar. Bókmentanám teirra er soleiðis skipað:

1. skeið er Bókmentasøguligt yvirlit yvir føroyskar bókmentir: Skeiðið fevnir um yvirlit yvir føroyskar bókmentir í bundnum máli (lyrikk) frá 1880-árunum til nútíðina og yvirlit yvir føroyskar bókmentir í óbundnum máli (prosa) frá fyrstu skaldsøguni (1909) til nútíðina

.Arbeitt verður við at greina og tulka og við, hvussu tilfarið kann verða nýtt í skúlunum. Skeiðið er 20 ECTS, og lisnar verða um 2.250 síður av bókmentateksti og yrkisteksti í sambandi við námið.

2. skeið er Skaldskapur av manna-munni: Her verður arbeitt við sagnum (tjóðsögum), ævintýrum, skjaldrum, kvæðum, táttum, orðtøkum og gátum. Harumframt við frásøgukynstri, dansi og dansisplum.

Endamálið er her, at tey lesandi ogna sær kunnleika at seta tekst í tíðarhøpi, at tey ogna sær hollan kunnleika og amboð til at greina og tulka ymsu teksaslogini, og at tey kanna, hvussu arbeitt verður aðrastaðni við líkum tilfari.

Harumframt at tey lesandi venja seg at velja hósakiligt tilfar til ymsu skúlastigini, venja seg at hugsa námsfrøðiliga um hvørt tekstaslagið, hvussu tað kann verða brúkt í undirvísing, og at tey lesandi menna ein førleika, sum ger tey før at gera undirvísingartilfar lærugreinini viðvíkjandi.

Skeiðið er 6 ECTS, og lisnar verða um 600 síður av bókmentateksti og yrkisteksti.

3. skeið eru Barna- og ungdómsbøkur: Barnabókmentaskeiðið snýr seg í stuttum um tær barna- og ungdómsbøkur, sum – hóast føroyskt er eitt ungt bókmentamál – eru komnar út á føroyskum seinastu árinum. Skeiðið skal, við tað at barnabókmentir

og hósikandi ástøði verða lisin, geva studentinum yvirlit yvir og kunnleika til barnabøkur, innlit í greinafrálærufrøðiligar spurningar evninum viðvíkjandi umframt amboð til at nýta barnabøkur í undirvísingini á øllum flokssstigum.

Skeiðið er 6 ECTS, og lisnar verða um 600 síður av bókmentateksti og yrkisteksti í sambandi við námið.

Eyðvitað hevur valgreininisini mállærulig/málsøgulig nám.

Hetta er breiður sveipur, og nógv lesa studentar um ástøði í sambandi við bókmentir. Men í hvussu stóran mun gerast tekstirnir partur av teimum sjálvum – sum má haldast at vera ein fortreyt, skulu tey lesandi gerast góðir bókmentakennarar?

Tá ið eg sjálvur leyk kennaraprógvið fyri stívliga 40 árum síðan, dugdu vit minst fimmti yrkingar uttanat. Nú siga studentarnir, at teir kunnu finna tær á Google. Men gerast yrkingar og prosabrot soleiðis partur av kennarasamleika teirra?



Tungumál unglunga – meira en „typ yo fett va mannen va gör du“

Ég stend á skólaganginum og tek upp myndband af Dan, sem er 16 ára, þegar ég heyri einhvern spyrja hann hvað hann sé að gera. Dan yppir öxlum og segir að þetta sé háskólarannsókn um tjáskipti unglunga. Áhugasami vinurinn leggur strax til að þá skuli hann segja „typ yo fett va mannen va gör du“ (týpa jó feitt hvað gaurinn hvað gerir þú).

Setningin sem vinurinn stakk upp á er í samræmi við þá mynd sem oft er dregin upp í fjölmiðlum og hefur einnig verið staðfest að miklu leyti í eldri rannsóknum. Hún inniheldur innihaldslaus smáorð (typ og yo) ásamt slaguryrðum (fett og mannen).

Eitt síðdegi þegar ég var heima hjá Gústaf, sem er einn af þátttakendum í rannsókn minni, bað ég hann að sýna mér samskiptaforritið MSN. Gústaf skráir sig inn og hefur samræður við nokkra kunningja. Áður en langt um líður snýr hann sér að mér og segir að því miður geti hann ekki gefið mér nein góð dæmi um spjallmál. Hann sendir viðmælendum á netinu svo spurninguna: „Af hverju skrifar enginn höhö hehe lr hoho á msn =)?“ Í kjölfarið hefst umræða um hvernig mismunandi hlátur hljómar og hvaða áhrif það hefur þegar

einstaklingur hlær á ákveðinn hátt, „höhö“ hljómar t.d. sveitalega.

Við gagnaöflun í rannsókn mína fylgdist ég með þremur stúlkum og þremur drengjum, bæði á skólatíma og fyrir utan hann, í eina viku með hverju þeirra. Þau voru öll nemendur á félagsfræðibraut í þremur mismunandi framhaldsskólum. Úrtakið var valið eftir könnun á samskiptaháttum unglunga þar sem leitað var að notendum sem voru dæmigerðir fyrir hópinn sem var til rannsóknar. Skráðar voru vettvangsnótur og auk þess notaðar myndbandsupptökur. Einnig var safnað saman textum sem þátttakendurnir skrifuðu í skólanum og utan hans, handskrifuðum eða texta sem þeir skráðu í farsíma og tölvur.

Á gagnaöflunartímanum veltu bæði þátttakendur og vinir þeirra oft fyrir sér hvers vegna ég hafði valið einmitt þessa unglunga



THERES BELLANDER

í úrtakið mitt. Hugsanlega er almenn skoðun sú að sumir einstaklingar henti betur en aðrir til rannsóknar fyrir þann sem vill kynnst málnotkun unglunga. Í samræmi við það hefði ég átt að leita uppi einstaklinga sem notuðu aðallega sérstaka unglingatakta í talsmáta og sértækt netmál í SMS og spjalli. Ég gerði mér hins vegar vonir um að rannsóknin myndi bæta við eldri rannsóknir með blæbrigðaríkari mynd af málnotkun unglunga og notkun samskiptamiðla. Í stað þess að rannsaka samskiptin í samhengi við málnotkun fullorðinna eða ritmálshefða var áherslan lögð á rannsókn á þátttakendum í mismunandi félagslegu samhengi, svo kölluðum

Theres Bellander
lektor við deild norræna mála í háskólanum í Uppsölum.

Þýðandi: Gyða Gunnarsdóttir

samskiptaverkefnum. Markmiðið var að rannsaka hvernig samskiptaform unglínganna breytist í mismunandi samhengi. Ég lagði áherslu á að athuga hvað þau eru að gera þegar þau nota tungumálið, hvar þau eru stödd, tilgang samskipta þeirra og í hvaða hlutverki þau eru.

Unglingar eru þátttakendur í mismunandi samskiptaferli

Unglingar taka daglega þátt í mismunandi samskiptaferli. Aðstæðurnar þar sem þátttakendurnir eiga samskipti með því að tala og skrifa, eða hvoru tveggja, ráðast meðal

annars af því hvort þeir eru í stofnanaumhverfi eða utan þess auk þess sem það skiptir máli hvort samskiptum er stýrt fyrirfram eða þau verða til sjálfkrafa. Dæmigerðum degi framhaldsskólanema er hægt að lýsa með stundatöflunni þar sem ein kennslustund tekur við af annarri í skólanum og þar sem frítíminn er skipulagður í kringum þátttöku í viðfangsefnum, t.d. ökutímum og knattspyrnuæfingum. Á milli formlegra skipulagðra atburða, sem hafa fyrirfram ákveðið takmark með upphaf og endi, skapast tómarúm sem fyllt er af óskipulögðum viðfangsefnum. Samskipti við jafnaldra eru dæmi um slíkt. Þau geta annaðhvort átt sér stað í öðrum verkefnum eins og hópavinnu í skólanum eða í upphitun fyrir knattspyrnuæfingu. Þau geta líka verið megintilgangur athæfisins, til dæmis með samræðum á bekk í garðinum eða spjalli í frístunda-herbergi.

Nokkur dæmi um samskipti með SMS, spjalli og bloggi sýna að óformleg, kumpánleg samskipti verða til vegna þess

hvernig þátttakendur ávarpa hver annan, til dæmis „elskan“, „mín kæra“ eða „hæbeib“. Dæmin sýndu líka að umræðuefnið skipti máli og að samræður urðu hversdagslegar þegar rætt var til dæmis um afmælisdaga, Valborgarhátíð og það að leika í rokkhljómsveit.

Rafrænir miðlar eru verkfæri fyrir samskipti

Í rafrænum samskiptum má sjá styttingar, broskarla og óvenjulega notkun greinarmerkja. Til-

Í rafrænum samskiptum má sjá styttingar, broskarla og óvenjulega notkun greinarmerkja. Tilgangurinn með textanum virðist hins vegar skipta unglíngana mestu máli og tilgangurinn er fjölbreyttur.

gangurinn með textanum virðist hins vegar skipta unglíngana mestu máli og tilgangurinn er fjölbreyttur. Til dæmis er rætt um námsefnið, boðið í bíó eða hlustað á tónlist. Þannig má líta á rafræn samskipti sem hjálpartæki sem farsíma- og tölvunotendur geta nýtt í mismunandi tilgangi. Unglingar hafa venjulega tilfinningu fyrir því hvenær viðeigandi er að nota rafræna miðla. Það má t.d. sjá á því hvernig og hversu oft SMS og farsímasamtöl eiga sér stað meðan verið er að vinna að verkefnum eða hvort notkun miðlanna verður til þess að ný verkefni skapast. Einnig hefur það áhrif á samhengið hvort farsímanotkunin er fyrir opnum tjöldum eða ekki.

Í stærðfræðitíma les Roshin nýkomið SMS undir skólaborðinu. Hún bíður síðan þar til skipt er um verkefni í stofnunni. Þegar kennarinn hefur farið yfir efnið og nemendurnir fara að vinna sjálfstætt fer hún fram á gang og hringir í númer vinar síns. Notkun Roshin á farsímanum eru dulin og ekki í tengslum við það

sem fram fer í kennslustundinni. Fabio, hins vegar, hringir í vinkonu sína án þess að fela það á meðan bekkurinn starfar sjálfstætt að verkefni í sagnfræði. Nemendurnir bera sjálfir ábyrgð á vinnu sinni og þeim er ekki stýrt af kennaranum. Þess vegna getur Fabio verið áfram í stofnunni meðan á samtalinu stendur. Þetta framferði gerist án tengsla við verkefnið sem kennarinn hafði sett þeim fyrir og þar á farsímasamtalið ágætlega við.

Orðaforði unglínganna er stór. Lítið hefur verið á þátttakendur í rannsókninni sem boðbera þess sem er efst á dagskrá í málheimi unglíngna. Í beinum sam-

skiptum getur táknmál, eins og líkamsshreyfing, andlitstjáning, raddbeiting og fleira verið óbeinn hluti af tjáningunni. Í SMS, spjalli og bloggi er hið ritaða mál eini möguleikinn til að mynda einhverja merkingu. Broskallar, ritaður hlátur og sjónræn tilfinningatjáning fær þar með sérstaka merkingu eftir því hvað þátttakendurnir gera, hver tilgangur samskiptanna er og hvaða hlutverk skapast í því samhengi. Málnotkun unglíngna má því setja í samhengi við þá samskiptamiðla sem eru fyrir hendi ásamt tæknilegum möguleikum miðlanna. Með því að rannsaka málnotkun sama einstaklings við mismunandi aðstæður og við notkun ólíkra miðla geta jafnvel einstaklingsbundnar aðstæður haft áhrif á val á málstil. Í nokkrum dæmum rannsóknarinnar á Gustaf, sem er einn þátttakendanna, var skoðuð málfarsleg fjölbreytni eftir því hvaða hlutverk Gustaf skapaði fyrir sjálfan sig ásamt því hvernig hann tjáir sig til að skapa persónurnar.

Í samtali við bekkjarfélagi segir Gustaf sögu af stúlku sem lamdi aðra stúlku í strætó. Þegar hann sagði frá „cool“ manneskju sem gerði eitthvað „cool“ varð jafnvel Gústaf „cool“ eitt augnablik. Í spjalli um námsefnið gefur Gustaf í skyn áhugaleysi og að sér standi á sama með því að leggja áherslu á hve lítið hann hafi lært fyrir náttúrufræðiprófið. Í smásögu, sem er sænskuverkefni vikunnar, segir hann frá því hvernig strákarnir í bekknum mæna á stelpurnar í matsalnum. Með því að sýna fram á yfirborðsmennsku annarra birtist hann sjálfur sem lýsandi og eftirtektarsamur einstaklingur.

Í texta við rapplag fjallar Gustaf um óréttlætið í samfélaginu og þjóðfélagsbölið í úthverfunum, hann gerir það eins og vanur rappari og sannur hipphoppari. Val Gustafs á málstíl ræðst af efninu sem er tilgangur samskiptanna. Í samtali við bekkjarfélagann notar

hann meðal annars orðfærið „tíkarleg“, „farðu til helvítis“ og „haltu kjafti“, í rapplaginu birtist frasinn „nýi Svenson drekkur út barnabæturnar með kippu úr ríkinu“ og í símtali spyr Gustaf viðmælandann „hvort Mia sé nokkuð heima“. Síðan spyr hann hvort það sé „húsbóndinn“ sem hann „talar við“.

Verkefni, miðlar og val einstaklingsins

Það að fjalla í sömu rannsókninni um samhengið bæði í stofnunum og utan stofnana ásamt því að skilja ekki á milli talmáls og ritaðs máls eða hefðbundinna og miðlastýrðra samskipta ber að skoða sem viðbót við fyrri rannsóknir. Könnunin á sama einstaklingi í bæði stofnana- og utan stofnanasamhengi sýnir hvernig málnotkunin breytist eftir verkefnum. Rannsóknir á samskiptaferlum hafa gert það mögulegt að sýna fram á hvað

það er sem hefur áhrif á valið á málarslegum verkfærum við mismunandi tilefni.

Það ber þó ekki að lýsa málnotkun unglunga eingöngu með tilliti til verkefna og áhrifa miðlanna. Sérhver tjáning, hvort sem það er setningu í samtali, rabbfærsla eða málsgrein í skólaritgerð, sýnir hversu viðtæk þekking einstaklingsins á málarslegum tækjum er. Valið getur verið bæði meðvitað eða ómeðvitað. Þó hefur framlag annarra þátttakenda í samskiptum alltaf áhrif á valið. Áhugamál unglunganna móta einnig stefnuna sem samskiptin taka ásamt því að hafa áhrif á hvaða málefni eru rædd og hvaða málarsstílar eru notaðir. Með því að skilgreina unglunga sem sundurleitan hóp sem fæst við mismunandi sviðsetningar verkefna eru ráðandi skilgreiningar og flokkun á málarsnotkun þeirra dregnar í efa.

Tilvísun: uu.diva-portal.org/smash/get/diva2:359585/FULLTEXT01



Norðurlöndin eiga samleið

Árum saman voru það teiknimyndasögurnar í blöðum um Andrés önd sem vöktu áhuga skólabarna á Íslandi á dönsku, tungumáli þjóðar sem við Íslendingar tengjumst sterkum sögulegum böndum. Danska er kennd í grunnskólum á Íslandi og erhenni ætlað að vera lykill Íslendinga að Norðurlandamálunum. En Andrés gerði kannski ekki minna gagn en hin formlega kennsla. Börn af minni kynslóð voru þyrst í þann skemmtilega ævintýraheim sem blöðin um öndina höfðu að geyma og með tíð og tíma tókst mörgum þeirra að stauta sig áfram í dönskunni, bæta við orðaforðann – umfram GISP!, PUST! og SUK! – og átta sig á setningaskipan og samhengi. Síðan var farið að þýða blöðin og gefa þau út á íslensku og þá hurfu þau dönsku hurfu að mestu úr umferð, nema e.t.v. á íhaldsömustu heimilum.

Vitanlega var framboðið á menningarefni frá Evrópu fábreyttara í þá tíð en nú er. Húsmæður á Íslandi fengu innblástur oftast en ekki úr húsbúnaðar- og tiskublaðinu Alt for damerne en núorðið er hægt að velja úr áhrifum hvaðanæva úr heiminum þegar íslenskar bókaverslanir eru heimsóttar og fólk vill fegra sig eða hibi líni sín. Dæmið af hinum danska Andrés og áhrifum hans á lesskilning íslenskra barna á dönsku er hins vegar ágætt dæmi um mikilvægi upplifunar og skemmtunar í skólastarfi, ekki síst í tungumálanámi. Það þýðir þó ekki að allt þurfi að snúast upp í grín og glens í kennslustofunni. Upplifunin er eigi að síður lykilatriði og hún getur skipt sköpum þegar kemur að því að tileinka sér nýja og flókna hæfni á borð við nýtt tungumál.

Ekki er hægt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd að afþreyingarefni frá enskumælandi löndum, sem flæðir yfir allt, hefur mikil áhrif á tungumálþroska og menningarläsi barna á Norðurlöndum eins og víðar um heim. Þó að seint verði hægt að koma í veg fyrir þann þunga straum eða veita honum í annan farveg þá þurfum við vitanlega á öðrum áhrifum að halda í bland.

Við þurfum áhrif frá nágrannalöndum til að auðga og þroska menningu okkar og menntun. Enginn er eyland, ekki einu sinni Íslendingar, og tungumálin eru lykillinn að gefandi samskiptum. Löng hefð er fyrir dýrmætum samskiptum Íslands og nágrannalandanna. Fornaldarsögur og Íslendingasögur eru uppfullar af dæmum um það þegar hagamæltir menn frá Íslandi héldu utan, fluttu drápur og forfrömuðust við hirðir konunga á Norðurlöndum. Þannig fluttust hættir og siðir að utan til þjóðarinnar sem kúrði í úthafinu. Viðskiptatengsl við Norðurlönd, sem standa á gömlum merg, hafa vitanlega einnig haft mikil áhrif á menningaráhrif og tungumálhæfileika landsmanna.

Tungumál veita okkur lykil að ólíkum menningarheimum og fyrir lítið málsvæði eins og Ísland sem aukin heldur er á jaðarsvæði er sérstaklega mikilvægt að læra tungumál. Öll upplýsinga- og samskiptatækni heimsins kemur seint í veg fyrir það mikilvægi. Það er líka gleðilegt til þess að hugsa að í háskólum víða um heim situr ungt fólk yfir bókum og les og lærir íslensku. Sá áhugi er vitanlega til kominn vegna Íslendingasagnanna sem eru líklega stærsta framlag Íslendinga til sameiginlegs menningararfs þjóðanna og býr landinu nafn, auk hins sérstæða náttúrufröfnars sem landið býður upp á. Staðreyndin er sú að á hverju ári halda stórir hópar Íslendinga til náms í háskólum nágrannalandanna, fólk sem ber þekkingu og menningaráhrif með sér aftur til heimalandsins. Aðrir setjast þar að og ekki þarf þá að fjölyrða um mikilvægi tungumálakunnáttunnar.

Tungumál hjálpa okkur að skilja umheiminn. Misskilningur manna á milli getur verið skemmtilegur, en hann getur líka haft í för með sér flækjur og leiðindi. Hafi menn ekki sáemilegt vald á tungumálinu sem þeir hafa ákveðið að tala sín á milli er það yfirleitt svo að misskilningurinn er léttvægur og auðleystur en það getur líka syrt í álinn. Þegar ég sjálf tók við

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningar-
málaráðherra
og ráðherra
norræns
samstarfs

embætti samstarfsráðherra Norðurlandanna sá ég einmitt fyrir mér að ónóg kunnátta mín í Norðurlandamálum gæti valdið alls kyns skelfilegum misskilningi og tilheyrandi flækjum í samskiptum þjóðanna. En ég brást við með því að horfa stíft á norrænar sjónvarpsstöðvar vikum saman og náði fljótt að rifja upp dönskukunnáttuna þannig að enn hafa engar stórar krísur komið upp!

Norðurlöndin hafa komið sér saman um Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlandanna (Deklaration om nordisk språkpolitik). Í viljayfirlýsingunni ganga menntamálaráðherrar landanna út frá þeirri sameiginlegu skoðun að tungumál sem notuð eru á Norðurlöndunum séu lifandi og eigi að vera það áfram og að samstarf Norðurlanda eigi að fara fram á norrænum tungumálum, þ.e. dönsku, norsku og sænsku. Lögð er áhersla á tungumálaskilning og tungumálakunnáttu þjóðanna, viðurkennt að fleiri en eitt tungumál sé notað á flestum svæðum, gildi margra tungumála og fjöltyngi er undirstrikað og stefnt að því að Norðurlandabúar séu í fararbroddi í tungumálakunnáttu.

Í beinu framhaldi af þessari yfirlýsingu hófst tungumálaátakið Sprákkampanje árið 2010 sem haldið var úti af Norrænu ráðherranefndinni og ætlað var að reyna að blása lífi í kennslu stóru norrænu tungumálanna. Verkefnið beindist fyrst og fremst að börnum og ungmennum og átti að styrkja norrænan málaskilning þeirra. Ætlunin var að gera norræn mál og menningu sýnilegri og að skapa áhuga hjá börnum og ungmennum til að hafa samskipti við jafnaldra sína á Norðurlöndum. Áherslan var ekki síst á nýja miðla og samskiptaform sem höfðu til yngri kynslóða. Árangurinn af þessu starfi er verið að meta en verkefninu lauk seint á síðasta ári.

Það er hins vegar sígild spurning hér á Íslandi þegar talið berst að menntakerfinu, af hverju stjórnvöld leggi enn áherslu á dönsku, öllum þessum árum eftir stofnun lýðveldis á Íslandi og fullan aðskilnað við herraþjóðina fyrrverandi? Af hverju danska, þegar enskan er svo fyrirferðarmikil á Vesturlöndum? Þetta er skiljanleg og réttmæt hugsun, að ungmenni á Norðurlöndum, sem í



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

samtíma okkar eru mörg hver ágætlega talandi á enska tungu, spyrji sig, menntamálayfirvöld í löndunum og ykkur, tungumálakennarana, hvers vegna þau eigi endilega að leggja á sig að læra tungumál nágrannalandanna. Svarið liggur eflaust í heimssýn þjóðanna sem byggja Norðurlönd og helst þá í hendur við það að styrkja samvinnu og vinatengsl milli landanna.

Dönskukennurum á Íslandi þykir oft erfitt að ná til nemenda sinna í dönskukennslunni sem sjaldnast er vinsælasta fagið. Nemendurnir sjá ekki alltaf tilganginn með náminu, þó svo að sá skilningur komi stundum seinna á lífsleiðinni og þá oft blandinn eftirsjá. Áhugi barna og ungmenna á tungumálum verður vart glæddur nema með metnaðarfullum og hæfum kennurum. Þar njóta Íslendingar góðs af samstarfi við dönsk



stjórnvöld, sem leggja til fé í dönskukennslu á Íslandi, en það skiptir miklu máli.

Við Háskóla Íslands í Reykjavík hefur frá árinu 2001 verið starfrækt stofnun í erlendum tungumálum. Stofnuninni, sem ber nafn Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, hefur vaxið fiskur um hrygg á þeim áratug sem hún hefur verið starfrækt og til stendur að styrkja hana enn frekar af hálfu stjórnvalda. Stofnuninni er ætlað að auka meðvitund almennings um mikilvægi tungumálanáms en hún nýtur liðveislur Vigdísar sem er mikil tungumálakona og hefur um árabil gegnt starfi velgjörðarsendiherra tungumála hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Einnig má nefna að á árum áður hafði forsetinn fyrrverandi umsjón með sjónvarpsþáttum í íslenska ríkissjónvarpinu þar sem áhorfendum var kennd franska, en þættirnir nutu mikilla vinsælda. Víst er að þeir þættir hafa kveikt áhuga margra af ákveðinni kynslóð til að kynna sér þá ríkulegu menningu sem Frakkland hefur upp á að bjóða.

Tungumálanám er merkilegt fyrirbæri. Hefðbundin kennsla er ákaflega mikilvæg en til þess að tileinka sér nýtt tungumál er einnig gríðarlega mikilvægt að rækta hjá sér annan eiginleika; nefnilega þor. Það að treysta sér út á hált svell nýs tungumáls er á endanum það sem skilur á milli feigs og ófeigs. Tungumálanám þarf

því að haldast í hendur við almenna styrkingu á sjálfsmynd nemenda. Ekki legg ég til hér að norrænir tungumálakennarar þurfi á sérstakri sjálfstyrkingu að halda en þeir þurfa engu að síður að vera meðvitaðir um framlag sitt og faglegir í allri nálgun á sitt vandasama starf. Tungumál miðla boðskiptum manna á milli, koma í veg fyrir misskilning og auka umburðarlyndi og skilning. Þau auðga heiminn og með tungumálakennslu er stuðlað að mikilvægum menningaráhrifum þvert á landamæri. Það er bara ekki endilega víst að allir átti sig á þessu tólf ára gamlir.

Þess vegna er það mikilvægt hlutverk stjórnvalda að standa vörð um kennslu í norrænum málum enda er það mat íslenskra stjórnvalda að samskipti við Norðurlönd séu frekar að aukast um þessar mundir en hitt og því hefur mikilvægi Norðurlandamála síst minnkað. Það sýna hin miklu tengsl við Norðurlöndin, allir þeir fjölmörgu Íslendingar sem halda til náms og starfa á Norðurlöndum á ári hverju. Þá má sjá á norrænu sjónvarpsefni, kvikmyndum og tónlist að áhugi almennings á Íslandi er mikill þannig að menningarleg tengsl okkar byggjast ekki einungis á sögulegri hefð og menningararfi heldur nýsköpun í samtímanum þar sem þessar þjóðir eiga enn samleið umfram aðrar.

Hvernig lærðir þú dönsku?

„Ég finn þetta bara á mér“

Málið er að þegar ég var barn voru ekki prentuð Andrés-blöð á íslensku. Það voru hins vegar flutt inn blöð og bækur á dönsku. Ég varð snemma sólginn í þessar bókmenntir og fór að reyna að krafla mig fram úr textanum með aðstoð myndanna. Það kom svo í ljós þegar ég byrjaði að læra dönsku í skólanum að þetta hafði síast vel inn og átti ég afar auðvelt með dönskuna, ólíkt mörgum öðrum sem leiddist danskan, enda kennslubækur þær sem notaðar voru við kennsluna vægast sagt leiðinlegar. Ég man að það fór mikið í taugarnar á einum dönskukennaranum að ég nennti ekki að læra málfræðireglur sem hann bauð upp á en var þó oftast með hlutina rétta. Þegar hann fór að yfirheyra mig um það hvernig ég færi að ef ég kunnist ekki málfræðina var svarið: „Ég finn þetta bara á mér.“

Sigurður Sverrisson



„Ég lét bara vaða“

Ég lærði dönsku í Laugaskóla árin 1940-42 en þá var skólinn kallaður alþýðuskóli. Skólinn var sex mánuði hvorn vetur en tíminn vel nýttur til náms. Við skrifuðum stíla í dönsku og lásum stuttar sögur og sagnabúta auk þess sem við lærðum málfræði. Kennarinn var áhugasamur og tókst honum að vekja áhuga á tungumáli frænda vorra. Eftir námið gat ég lesið bækur og blöð. Svo fór ég til Danmerkur en dvaldi þar ekki nema stuttan tíma.°

Á ferðum mínum um Ísland hér áður fyrr kynntist ég dönskum stelpum og spjallaði við þær, lét bara vaða og dembdri mér út í spjall við þær um lífið og tilveruna og það gekk bara ljómandi vel. Reyndar svo vel að íslenskur fararstjóri heyrði mig tala við þær og hélt að ég væri Dani!

Helga Pálsdóttir



„Ég stundaði tilgátusmið í stórum stíl“

Kynni mín af danskri tungu hófust á sjöunda tug síðustu aldar, þá fimm ára að aldri. Mér var heimilt að gramsa í pappakössum troðfullum af Anders And blöðum, hjá frændfólki í Stigahlíðinni, sem ég heimsótti gjarnan á sunnudögum. Blöðin voru full af undarlegum orðum sem höfðust við í orðabelgjum, sem flutu um litríka myndfletina, og potuðu í íbúa Andeby. Ég komst smám saman upp á lagið við að tengja orðin við atferli íbúana sem í var potað. Ég stundaði tilgátusmið í stórum stíl um samhengi orða og mynda. Eiganda orðsins, „Gisp!“ var til dæmis næstum alltaf brugðið, því hlaut orðið að merkja eitthvað uggvænlegt. Þegar ég varð átta ára komust við í áskrift, og fengum við send heim tvö ilmandi Anders And blöð á tveggja vikna fresti og komst þá nokkur kippur í dönskulærdóminn. Við tíu ára aldur fór ég að læra dönsku í skólanum og var ávallt efstur í bekknum. Kennararnir kenndu þetta þeirri staðreynd að móðir mín heitin var dönsk að hálfu, en sannleikurinn er að hún talaði reyndar aldrei dönsku heima og var því alsaklaus af að kenna mér tungumál danskra.

Atli Konráðsson



„Aldrei lagði ég þó í að lesa dönskuna“

Danska var fyrsta tungumálið sem ég þurfti að læra. Mín fyrstu kynni af dönsku komu úr dönsku blöðunum, blöðin komu með Gullfossi. Mamma keypti Alt for Damene en amma Hjemmet og ég held að hin amman mín hafi keypt tímarit sem hét Flittige hænder. Við bræður fengum Andrés önd. Aldrei lagði ég þó í að lesa dönskuna. Mér er sagt að margir hafi lært dönsku af Andrési en ekki ég. Þegar ég hóf dönskunámið byrjaði ég því frá grunni. Danskan var erfið. Ég fékk aldrei hátt í dönsku. En ... samt gagnaðist danskan mér mikið og seinna fannst mér danskan mjög skemmtileg. Mér fannst gaman að láta á það reyna hvort Danir skildu mig. Stundum var mér hrósað fyrir dönskukunnáttuna en oftar máttu aumingja Danirnir hafa sig alla við að skilja mig. Ég reyndi þó að minnsta kosti. Þá fann ég ráð sem dugði til að geta tjáð mig á norrænu máli, skipti yfir í norsku.

Jón Guðmundsson



„Ég rústa þig, rækalls ri



BRYNJA BALDURSDÓTTIR

Teiknimyndasögurnar um Andrés önd og félagar hafa komið út á íslensku í allmörg ár. Margir hafa sinnt þýðendastarfinu af stakri þrýði og sést það á vinsældum hetjanna sem ættaðar eru frá Disney í vestri. Sá sem þýðir nú sögurnar um félagana Andrés, Guffa, Mikka og fleiri og hefur unnið við þýðingarnar síðastliðin átta ár er Jón St. Kristjánsson.

Og þá var ekki aftur snúið Jón St. er menntaður kennari og leikari, starfaði sem kennari um nokkurra ára skeið eftir útskrift en svo blossaði leiklistarbakterían upp og fór hann til Bretlands til að sinna þeirri köllun, að læra leiklist. Hann hefur leikið víðs vegar um landið en eftir að

leikarabólan hjaðnaði sinnir hann leikstjórn svona af og til þegar til hans er leitað. Hugur Jóns sveigðist að þýðingum fyrir um fimmtán árum þegar hann var beðinn um að þýða teiknimyndina Herkúles frá Disney-fyrirtækinu. Þá var ekki aftur snúið og í kjölfarið hafa margar teiknimyndir notið málsnilldar Jóns.

Einn góðan veðurdag árið 1988 barst Jóni í hendur bók Jonathans Swift um Gúllíver og ferðir hans. Hann skellti sér í að þýða, var lengi að því, velti fyrir sér hverju orði, hverri málsgrein. Bókin er skrifuð á 18. öld svo að Jón varð að þæla í íslenskunni eins og hún var á þeim tíma. Þetta verk fannst honum óhemju skemmtilegt og gefandi. Núna fyrir jólin leit svo verkið dagsins ljós og fyrir það var Jón St. Kristjánsson tilnefndur til Íslensku þýðingarverðlaunanna.

Frá Andrés til Gúllívers og svo aftur til Andrésar

Leið Jóns lá frá Andrési til Gúllívers og svo aftur til Andrésar. Hvers vegna byrjaði hann á þessu verki? Og Jón svarar: „Einhver þekkti mann sem þekkti mann sem þekkti mig og kom mér í samband við útgáfuna.“ Og svo byrjaði boltinn að rúlla og síðan hafa persónurnar úr Andrésblöðunum verið í tölvu Jóns og þar vinnur hann að þýðingunni. Honum finnst þetta afar þægilegt starf, getur ferðast og unnið þegar honum hentar. „Hvað með textann í sögunum?“ spyr ég Jón, og hann svarar: „Sögurnar eru skrifaðar á ensku, amerískri

ensku og þannig koma þær til þýðanda. Þær eru mismunandi, sumar útataðar í hljóðorðum en aðrar á vönduðu og flóknu máli sem gefur ýmsa möguleika í þýðingu. Höfundarnir eru evrópskir, enskir, finnskir, ítalskir, spænskir, svo einhver þjóðerni séu nefnd. Ég snara enskunni yfir á góða og gilda íslensku, nota hugtök meðvitað og markmiðið er að íslenskan sé góð, þínu erfði til að lesendur læri af lestrinum, og skemmtileg.“

Og hér eru nokkur dæmi:

„Þið spiluðuð eins og haltir hundar.“

Við ætlum að hrammsa okkur nokkrar leikjatlölvur.“

„Stillið ykkur, stuttungar.“

„Harka hentar föngum best.“

„Ég rústa þig, rækalls rindillinn þinn.“

„Hvað þýðir orðið rarítet?“

Höfundarnir eru margir og skrifa mismunandi svo þýðanda er vandi á höndum. En hann hefur það sem reglu að þar sem textinn er flókinn leyfir hann sér að snara honum á væna íslensku. Hann fékk upphringingu frá afa nokkrum sem les Andrés önd og félagar með barnabarni sínu en hnokkinn er á

Brynja Baldursdóttir
Framhaldsskólakennari

ndillinn þinn“

fyrsta ári í grunnskóla. Þeir lesa saman og afi útskýrir erfið orð. Svo hnutu þeir báðir um orðið rarítet, hvorugur skildi. Þá sagði barnið: „Afi, þegar ég kem heim úr skólanum á morgun verður þú búinn að finna út hvað orðið rarítet merkir.“ Afinn hafði upp á þýðandanum og bað hann að útskýra orðið fyrir sér. Af þessari litlu sögu má sjá að kynslóðirnar lesa saman og velta orðunum á allar hliðar.

„Vondar persónur sletta“


Ekki eru allar sögur í blöðunum samtímasögur. Einu sinni sem oftast kom texti í hendur þýðanda og fjallaði hann um leikhúsdraug frá tímum Shakespeares. Málið var snúið en þýðandi tók sig til og barði textann saman í stakhendu og komst þannig klakklaust frá verkinu. Jón notar stuðla þar sem þeirra er þörf, segir höfuð sitt vinna þannig. Pitsastaður í Andabæ heitir *Kléni Kalli* og strákar eru kallaðir púkapísli. Þýðandi segist ekki vilja nota talmál með úrfellingum (Er 'etta). Hann notar ekki slettur eins og sögnina „fíla“ eða skammstöfunina „okei“. En þó er ein undantekning frá reglunni, ef persónur sögu eru í verri kantinum, flokkast undir „vondar persónur“ þá lætur hann þær sletta!

Jóni þykir skemmtilegt og gefandi að þýða afrekssögur af öllum þeim persónum sem finnast í teiknimyndasögnum. Það er gaman að glíma við tungumálið, ekki síst þegar nauðsynlegt er að afmarka og gæta hófs í orðafjölda.

Viðtengingarhátturinn er í hávegum hafður, hann er góður og gegn og svo þarf oft að nota hann til að fækka orðum.

Jón gerir sér fyllilega grein fyrir áhrifamætti þýðinga sinna á lesendur og vill standa undir væntingum.

Lesendahópurinn er stór og fjölbreytilegur og öllum þarf að sýna virðingu og þess vegna eru blöðin á vandaðri, góðri og oft erfiðri íslensku.



Andrésardagar frá 1991


Andrés Önd er heimspekt teiknimyndapersóna og sköpun bandaríska framleiðslurisans Walt Disney.

Það var árið 1934 sem öndin Andrés steig fyrst fram á sjónarsviðið í teiknimyndinni *The Wise Little Hen* og síðan hefur Andrés birst í fleiri myndum en nokkur önnur Disneypersóna. Fyrir utan frama andarinnar á hvíta tjaldinu, þar sem hún skipar sannkallaðan heiðursess meðal jafningja sinna, teiknimyndafígúranna, hefur hróður Andrésar borist víða með hinum geysivinsælu teiknimyndasögum sem hafa birst á síðum dagblaða, í sértökum Andrésarblöðum og fleiri útgáfum.

Íslenskur ríkisborgararéttur – eða hvað? Fyrsta Andrésblaðið á íslensku leit dagsins ljós fyrir 29 árum. Þar voru Danir að verki; þeir sömu og gáfu út Andrés á dönsku. Þetta vakti almenna gleði og lúðrablastur á Íslandi þó sumir hefðu áhyggjur af dönskuþekkingu landans því áratugum saman höfðu kynslóðir Íslendinga haldið dönskukunnáttu sinni við með lestri á ævintýrum Andrésar og féлага. En breytingin var að margra mati til batnaðar fyrir íslensk börn. Blöðin fengu fastari sess í tilveru margra þeirra – og meira að segja fullorðinna líka, og nú er svo komið að blaðanna er beðið með mikilli eftirvæntingu á mörgum íslenskum heimilum í viku hverri.

Árið 1991 fékk bókaforlagið Vaka-Helgafell rétt til þess að gefa út blöðin um Andrés og féлага í samvinnu við danska forlagið Egmont. Það má því segja að Andrés hafi flutt til Íslands 5. ágúst

Gréta Björg
Jakobsdóttir
ritstjóri hjá
Eddu útgáfu



1991. Árið 2000 sameinuðust Vaka-Helgafell og Mál og menning undir nafninu Edda miðlun og útgáfa – síðar var nafninu breytt í Edda útgáfa. Útgáfumerkið Vaka-Helgafell var notað áfram á Andrésblöðin allt þar til árið 2008 þegar Eddu nafnið var tekið upp.

Myndasögublaðið um þá félagar kemur út í hverri viku, börnum á öllum aldri til mikillar gleði og í augum margra áskrifenda eru þriðjudagarnir heilagir Andrésardagar. Árið 1994 var farið að prenta vasabrotsbækur með sögum af Andrés og félögum hans. Þessar sögur eru þýddar úr ítölsku og kallast bækurnar Syrpur. Syrpan kemur út á fjögurra vikna fresti og er rúmlega 250 síður að lengd en Andrésblöðin eru 30 síður. Oftar en ekki byrja börn að lesa Andrésblöðin og færa sig yfir í Syrpulestur þegar lestrarfærnin og áhuginn eykst. Syrpusögurnar eru lengri og því þarf meiri athygli til að missa ekki þráðinn. Ástæður áralangra vinsælda Andrésar eru margvíslegar og má þar nefna að persónurnar eru einstaklega skemmtilegar og mannlegar og höfða vel til lesenda. Í blöðunum og bókunum er að finna aragrúa af gömlum og þekktum persónum á borð við Andrés sjálfan, Mikka Mús og Guffa í bland við nýjar eins og Únu, Bjargfast lögreglustjóra, Gassa Gæs og fleiri. Sagnabrunnurinn virðist ótæmandi enda er heill her fólks hjá Egmont sem vinnur við að skrifa og teikna nýjar sögur.

London, 2012

Sögurnar eru oft tengdar einhverjum merkisviðburðum og má þar nefna nokkrar sögur sem birtast munu í sumar sem fjalla beint og óbeint um Ólympíuleikana í London sumarið 2012. Textahöfunda og teiknara sagnanna hefur verið getið í um tíu ár og margir lesendur eiga sína uppáhaldsteiknara þar sem þeir hafa oft á tíðum sín sérkenni. Danski teiknarinn Flemming Andersen kom til að mynda til Íslands á vegum Eddu útgáfu veturinn 2010 þar sem hann kenndi íslenskum börnum að teikna Disney-persónur og vakti sá viðburður mikla lukku meðal gesta sem sóttu viðburðinn í Smáralindinni.

Þeir sem eiga heiðurinn

Frá fyrstu útgáfu hefur mikið verið lagt upp úr íslenskum þýðingum sagnanna, hvort heldur sem er þeim ensku, sem birtast í Andrésblöðunum, eða þeim ítölsku, sem birtast í Syrpunum. Fyrstu árin sem Andrésblöðin voru gefin út voru þýðendurnir þeir Guðni Kolbeinsson, Eiríkur Eyvindsson og Pétur Már Ólafsson, en hugsanlegt er þó að



GRÉTA BJÖRG JAKOBSDÓTTIR

einhverjir fleiri hafi þýtt tímabundið. Frá 1992–1998 var þýðingin í höndum Þrándar Thoroddsens en Anna Hinriksdóttir þýddi blöðin frá 1998–2003. Núverandi þýðandi blaðanna er Jón Stefán Kristjánsson sem þýtt hefur blöðin óslitið frá árinu 2003. Syrpuþýðendurnir eru Kolbrún Þórisdóttir sem þýddi fyrstu sögurnar 1994 og eitthvað áfram í samvinnu við næsta þýðanda, Jón B. Guðlaugsson sem starfaði við þýðingarnar frá 1994–1997. Anna Hinriksdóttir þýddi bækurnar frá 1998–1999, Jóhanna Gunnarsdóttir þýddi nokkrar bækur árið 2000, en næst tók Sigríður Halldórsdóttir við og hefur þýtt bækurnar allar götur síðan 2000. Sigríður hefur auk þess þýtt sérútgáfur á borð við Jólasyrpurar og Risasyrpurar. Allir þessir þýðendur hafa lagt sig fram um að efla orðaforða lesenda og er Jón Stefán sérstakur nýyrðasmiður og smellinn þýðandi sem gerir góðar sögur enn betri. Það er okkar von að blöðin haldi áfram að gleðja og kenna íslenskum börnum og vonum sömuleiðis að Andrés og félagar fylgi þjóðinni um ókomna tíð.

ÉG og framtíð mín í Evrópu

Breiðagerðisskóli er þátttakandi í Comeniusarverkefni. Fjórir kennarar á miðstigi eru beinir þátttakendur í verkefninu og vinna í samstarfi með kennurum frá fjórum öðrum löndum. Farið hefur verið í tvær vinnuferðir út fyrir landsteinana og er von á þátttakendum hinna landanna til Íslands nú í haust.

Comeniusarverkefnið er samstarf skóla, styrkt af Evrópusambandinu. Samstarfið þarf að vera á milli minnst þriggja Evrópulanda. Styrkur er veittur til tveggja ára og geta verkefnið snúist um hvaða námsgrein sem er. Yfirskrift verkefnisins sem Breiðagerðisskóli er þátttakandi í er „Ég og framtíð mín í Evrópu.“ Meginmarkmiðið er að hvetja nemendur til að skipuleggja framtíð sína með því að skoða fortíð og nútíð í mismunandi menningarsamfélögum í Evrópu og hvernig þeir geta nýtt reynslu sína og þekkingu í þessu samhengi. Einnig er eitt helsta markmið verkefnisins að mynda tengsl við kennara og nemendur frá ólíkum löndum. Til að nálgast markmiðin útbúa nemendur meðal annars kynningar á sínu nærumhverfi, heimili, áhugamáli og fjölskyldu. Þessar kynningar vinna nemendur með ýmsum hætti svo sem í forritunum Power point og Movie maker. Þá skoða nemendur störf foreldra, tölvunotkun og hvernig hver skóli hefur hefur þróast síðustu 50 ár og hvernig þeir sjá fyrir sér þessa sömu þætti eftir 50 ár. Nemendur afla sér upplýsinga í skólanum

með því að hlusta á kynningar foreldra um störf sín, skoða hvaða störf voru algeng fyrir 50 árum og reyna í framhaldinu að rýna í framtíðina. Þeir svara einnig könnun um tölvunotkun sem bornar eru saman milli landanna og skrifast á við nemendur í hinum þátttökuskólunum.

Þátttakendur

Starfsfólk og nemendur Breiðagerðisskóla eru allir þátttakendur verkefnisins en fjórir kennara á miðstigi eru fulltrúar skólans. Þeir taka beinan þátt í samstarfinu með skiplagningu og framkvæmd verkefna og fara í vinnuferðir til annarra þátttökuskóla í tengslum við þau. Auk Breiðagerðisskóla taka þátt í verkefninu skólar frá fimm Evrópulöndum en þeir eru Kallingskolan í Svíþjóð, GS Nunkirchen í Þýskalandi, Decimo Circolo Crotona á Ítalíu og Mikkolan Koulu í Finnlandi. Fulltrúar nemenda frá Breiðagerðisskóla fara með í vinnuferðir til þátttökulanda. Þar dvelja þeir hjá fjölskyldum nemenda í þátt-

tökuskólunum. Þeir ganga inn í daglegt líf fjölskyldunnar og sækja skóla. Áður en farið er af stað í ferðirnar byrja nemendur á því að hafa samskipti við móttökufjölskylduna með tölvupósti og þá koma foreldrar einnig inn í þannig að bæði nemendur og foreldrar þeirra vita nokkuð út í hvað þeir eru að fara og á hvernig heimili þeir koma til með að dvelja á. Margir nemendur höfðu áhuga á að fara í vinnuferðir. Kennarar óskuðu eftir skriflegum umsóknum þeirra. Sett voru upp ákveðin atriði til að fara eftir þegar meta átti umsóknirnar. Þetta auðveldaði nokkuð valið þó ákvarðanirnar um hvern ætti að velja hafi alltaf verið erfiðar.

Ferðalögin

Að hittast og bera saman bækur sínar er stór hluti verkefnisins. Tvær ferðir hafa þegar verið farnar, önnur til Þýskalands og hin til Finnlands. Í fyrri ferðina sem farin var til Þýskalands í nóvember 2011 fóru þrír nemendur úr 5. bekk og

HÉR ER HÓPURINN SEM FÓR TIL FINNLANDS Í TEMPELLIAKIO KIRKJUNNI Í MIÐBORG HELSINKI.



Auður Huld Kristjánsdóttir

Kennari við Breiðagerðisskóla í Reykjavík

Margrét Björg Júlíusdóttir

Kennari við Breiðagerðisskóla í Reykjavík

til Finnlands nú í byrjun maí fóru fjórir nemendur úr 7. bekk. Báðar þessar ferðir voru vel skipulagðar af gestgjöfunum. Nemendur höfðu verið í bréfaskriftum og tölvusamkiptum við sínar móttökufjölskyldur og það gerði dvölinna auðveldari. Allar fjölskyldurnar tóku vel á móti nemendum og engin vandamál komu upp. Við kennararnir gistum á hóteli og vorum alltaf til taks ef eitthvað kæmi upp á. Í báðum þessum ferðum var dagskráin þéttskipuð fundum, fræðslu og skemmtun. Dagarnir voru þannig uppbyggðir að fyrir hádegi mættu nemendur í kennslustundir en kennarar á vinnufundi og kynningar í móttökuskólanum. Eftir hádegismat var yfirleitt haldið af stað í skoðunarferðir. Ýmist var farið á söfn, aðra merkilega staði eins og súkkulaðiverksmiðju eða jafnvel út í skóg í leiki. Í þessar ferðir fóru nemendur úr öllum þáttökuskólunum, móttökufjölskyldurnar, ásamt kennurum og öðrum sem á vegum verkefnisins voru. Allt var þetta gert með það að leiðarljósi að hrista hópinn saman, mynda tengsl og skemmta sér. Fyrir nemendur var þetta ógleymanleg reynsla sem þeir eiga eftir að búa að. Nemendur fengu tækifæri til að kynna mörgum krökkum frá ólíkum menningarsamfélögum en merkilegt var að sjá hve vel krakkarnir féllu saman og sterk tengsl mynduðust. Hvað kennarar varðar þá er það dýrmæt reynsla og góð endurmenntun að fá að taka þátt í verkefni sem þessu. Að fá tækifæri til að vinna með kennurum frá ólíkum löndum, miðla þekkingu og reynslu, fá nýjar hugmyndir sem nýtast í kennslu og bera saman bækur sínar er ómetanlegt. Það er svo okkar þegar heim er komið að miðla þessari upplifun, setja hana í reynslubankann og nýta okkur hana.



AUÐUR HULD KRISTJÁNSDÓTTIR



MARGRÉT BJÖRG JÚLÍUSDÓTTIR

Framhaldið

Á haustdögum munu þátttakendur verkefnisins koma til Íslands. Þá verða fundir og verkefnaskil. Tíminn verður af sjálfsgöðu einnig nýttur til að kynna land og þjóð. Fyrir svona fund er að mörgu að hyggja og þarf m.a. að finna öllum nemendum móttökufjölskyldur og skipuleggja dagskrá. Á þessum vinnufundi verður farið yfir unnin verkefni og næstu skref verkefnisins undirbúin. Í mars 2013 hittast þáttökuskólarnir í Svíþjóð og undirbúa verkefnalok. Í maí sama ár verður svo farið til Ítalíu þar sem verkefnið verður gert upp, árangur metinn og lokaskýrsla unnin.

Að lokum

Hér hefur verið stiklað á stóru um Comeniusarverkefnið „Ég og

fram tíð mín í Evrópu“. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með nemendum í þessu verkefni þar sem þeir hafa átt í samskiptum við nemendur frá öðrum löndum, setið kennslustundir og upplifað ólíka skólamenningu. Hvað okkur kennarar varðar höfum við öðlast mikla reynslu með þátttöku okkar í verkefninu auk þess sem við höfum kynnst frábæru fólki sem við eigum án efa eftir að hafa samskipti við um ókomna fram tíð aldur og ævi. Þó að vinnan við verkefnið taki tíma og umsóknarferlið sé nokkuð langt og flókið hvetjum við þá sem hafa tók á að skella sér í þá vinnu. Helstu upplýsingar um verkefni sem þetta má nálgast á eftirfarandi síðu: comenius.is. Heimasíða verkefnis Breiðdagerðisskóla er: futurecomenius.weebly.com.

NEMENDUR FRÁ ÝMSUM LÖNDUM AÐ GRILLA SAMAN PYLSUR EFTIR SKEMMTILEGAN EFTIRMIÐDAG Í SKÓGINUM.



Af litlum neista verður oft **mikið bál**

Norræn nemendaskipti í Verzlunarskóla Íslands

Fátt er meira hvetjandi fyrir nemendur í tungumálanámi en að fá tækifæri til þess að hafa tjáskipti á markmálinu við jafnaldra sína og jafnvel heimsækja landið þar sem tungumálið er talað. Það eykur ekki aðeins áhuga nemenda á náminu og landinu heldur kynnast nemendur einnig möguleikum á t.d. námi og störfum þar.

Undanfarin tíu ár hefur nemendum á öðru ári í Verzlunarskóla Íslands gefist kostur á að taka þátt í nemendaskiptum við danska verslunarskóla í tengslum við dönskukennslu í skólanum. Auk þess er öðru hverju samstarf við verslunarskóla frá hinum Norðurlöndunum. Markmið þessara nemendaskipta er m.a. að gefa nemendum tækifæri til að hafa tjáskipti á dönsku við danska eða norræna jafnaldra við raunverulegar aðstæður, kynnast norrænum menntastofnunum, Danmörku eða öðru Norðurlandanna og norrænum heimilum. Einnig er markmiðið að efla jákvætt viðhorf til norrænnar menningar og tungu, auka ábyrgð nemenda og umburðarlyndi gagnvart öðrum.

Til þessa samstarfsverkefna hefur Verzlunarskóli Íslands oftast fengið styrk frá Nordplusjunior svo nemendaskiptin hafa verið nemendum skólans nánast að kostnaðarlausu. Þeir sem tækifæri hafa fengið til þátttöku hafa alltaf verið afar ánægðir með samstarf við norræna jafnaldra og bæði íslenskir

og norrænir kennarar eru sannfærðir um að slíkt starf hefur mikla þýðingu fyrir samband norrænna þjóða.

DAN221 – Árhús Købmandsskole

Fyrir nokkrum árum var hannaður einnar einingar áfangi, DAN221, í kringum ein slík nemendaskipti og hefur samskiptaskólinn öll árin verið Árhús Købmandsskole. Rúmlega 30 nemendur úr Verzlunarskólanum taka þátt á ári hverju og er yfirleitt auglýst eftir áhugasömum þátttakendum að vori og þeir valdir með tilliti til mætingar og ástundunar. Umsækjendur um áfangann eru oft miklu fleiri og getur stundum verið erfitt að velja nemendur. Umsjónarkennarar áfangans hafa alltaf verið tveir kennarar skólans, ýmist tveir dönskukennarar eða einn dönskukennari og annar í einhverju öðru fagi en það er

háð þema áfangans hverju sinni sem ákveðið er sameiginlega af kennurum beggja landa þátttakenda. Hingað til hefur þemað verið tengd tungumálum og menningu landanna eða viðskiptum og fyrirtækjum. Dönsku nemendurnir eru allir úr sama bekk af alþjóðasviði en þeir íslensku úr mismunandi bekkjum.

DAN221 felst í því að strax að vori er nemendum komið í hóp á „fésbók“ eða öðrum samskiptamiðli og þeir byrja að spjalla saman. Þau samskipti halda síðan gjarna áfram um óákveðinn tíma. Í byrjun nýs skólaárs eru haldnir fundir þar sem nemendum er skipt í hópa og þeim fengin ákveðin verkefni. Í september eða október kemur danski bekkurinn í heimsókn til Íslands ásamt tveimur kennurum. Íslensku nemendurnir taka á móti dönsku nemendum og eru gestgjafar þeirra í eina viku. Danirnir eru tvo til þrjá daga

Ingibjörg S.

Helgadóttir

Dönskukennari
í Verzlunarskóla
Íslands



NEMENDUR ÚR VÍ Á DÓMKIRKJUTORGINU Í HELSINKI.

MYND: EYGLÓ EIÐSDÓTTIR

í skólanum en hina dagana eru þeir í ferðalögum á eigin vegum en sem skipulögð eru af íslensku umsjónarkennurum áfangans. Þá daga sem þeir eru í skólanum heimsækja þeir bekki gestgjafa sinna og dönskutíma í Verzlunarskólanum. Síðan sitja þeir ýmsa fyrirlestra í skólanum, fara í heim-sóknir til íslenskra fyrirtækja, skoða íslensk söfn og fara í dagsferðir. Gestgjafarnir þurfa að vera gestum sínum innan handar hvað ferðir til og frá skóla varðar, annaðhvort í einkabílum eða kenna gestunum á almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins.

Í mars eða apríl fer síðan íslenski hópurinn til Árhús og dvelur þar í eina viku hjá þeim dönsku nemendum sem þeir hóstu haustið áður. Þar vinna allir nemendurnir sameiginleg verkefni, hlusta á fyrirlestra um menningu og listir Dana, skoða söfn, skóla og annað athyglisvert í Árósum og nágrenni. Auk þess er farin ein dagsferð í rútu eitthvert annað t.d. Lególand, Óðinsvé eða yfir þýsku landamærin til Flensborgar. Nánar er fjallað um þessa ferð á öðrum stað í *Skímu*.

NOR221 – Þriggja til fjögurra landa samstarf

Síðastliðið skólaár hófst samstarf milli Verzlunarskólans, Helsinki Business College í Finnlandi og Føroya Handilsskúla. Það starf byggðist að mestu leyti upp eins og DAN221. Í september var ákveðið hvaða nemendur myndu taka þátt og stofnaður var hópurur á „fésbók“ með þátttakendum ásamt kennurum allra landa. Valið á íslensku nemendunum byggðist mikið til á bakgrunni þeirra varðandi norræn mál og einnig var máladeildarnemendum annars árs gefinn kostur á að taka þátt án tillits til sérstakrar þekkingar á norrænu máli og menningu. Umsjónarkennarar þessa samstarfs

voru einn dönskukennari og einn íslenskukennari Verzlunarskólans, Ingibjörg S. Helgadóttir og Eygló Eiðsdóttir.

Frá hverju landi voru 18 þátttakendur auk tveggja kennara. Níu íslenskir nemendur voru gestgjafar finnskra nemenda og aðrir níu hóstu færeyska gesti. Þeir nemendur sem fengu finnskan gest fóru síðan til Finnlands og það sama var varðandi Færeyjar. Þema þessa samstarfs var norræn tungumál og menning.

Það kom í hlut Íslands að vera fyrsta móttökulandið og þar með að leggja línurnar varðandi skipulag samstarfsins. Gestirnir komu til landsins í marsbyrjun og höfðu nemendur haft stöðug samskipti á „fésbókarsíðu“ hópsins síðan í september. Ákveðið var að aðaláherslan yrði á íslenskar kvikmyndir og sýndar voru kvikmyndirnar *Gauragangur* og *Englar alheimsins* í sýningarsal skólans. Eftir að sýningu seinni myndarinnar lauk kom Einar Már Guðmundsson í heimsókn í Verzlunarskólann og spjallaði við nemendur um starf sitt. Vakti það athygli og aðdáun nemenda hversu auðveldlega hann gat skipt á milli þess að tala íslensku, dönsku og ensku. Farið var í dagsferð í Bláa Lónið, Listasafn Íslands, Landnámssetrið, Alþingishúsið og fleiri staðir heimsóttir. Á kvöldin fóru nemendur m.a. í sund og kaffihús. Verkefni nemendanna var að útbúa nokkrar spurningar í hópum og gera litla könnun á þekkingu og viðhorfi Íslendinga til hinna Norðurlandanna. Í lok vikunnar kynntu þeir síðan niðurstöður sínar sem sýndu að Íslendingar eru ekki mjög vel að sér um nágrannaþjóðir sínar. Kynning nemendanna fór fram á mörgum tungumálum; íslensku, dönsku, norsku, sænsku, færeysku, finnsku auk ensku sem var sameiginlegt tungumál allra. Voru það aðallega Finnarnir sem



INGIBJÖRG S. HELGADÓTTIR

áttu erfitt með að skilja norrænu málin.

Næsti áfangastaður var Færeyjar. Þangað fór annar íslensku kennaranna með níu nemendur í lok mars. Þar var svipuð dagskrá og á Íslandi, farið í dagsferð og eyjarnar skoðaðar, horft á færeyska kvikmynd, farið í heimsókn í fyrirtæki og fleira. Nemendur unnu saman verkefni í hópum um færeyska menningu og kynntu þau áður en haldið var heim á leið.

Um miðjan apríl fór níu manna hópur Verzlunarskólanema til Helsinki í fylgd með Eygló Eiðsdóttur, íslenskukennara. Eygló skrifar um ferðina:

»Um miðjan apríl fór 9 manna hópur Verzlunarskólanema til Helsinki í fylgd með undirritaðri. Þessir nemendur höfðu tekið á móti finnskum nemendum í byrjun mars og áttu nú að endurgjalda heimsókn Finnanna. Kennarinn bjó á hóteli í miðbænum ásamt kennara færeyska hópsins. Þarna voru því samankomnir alls 36 nemendur til að vinna í verkefninu með finnsku nemendunum og þar af höfðu íslensku nemendurnir



EINN HÓPURINN LEYSIR ÞRAUTIR Í ÆVINTÝRASKÓGINUM Í MJÖLBOLSTA.
MYND: EYGLÓ EIÐSDÓTTIR.

Af liltum neista ...

hitt 9, þ. e. sína gesti á Íslandi. Skemmst er frá því að segja að fagnaðarfundir urðu hjá okkar fólki og þessir dagar í Helsinki einkenndust af vináttu og jákvæðni. Krakkarnir mættu í skólann á morgnana með sínum gestgjafa og svo tóku verkefni dagsins við, má þar nefna kynningu á námi í finnska verslunarskólanum og hópvinna þar sem nemendur frá öllum löndunum þremur unnu saman og kynntu síðan niðurstöður síðasta daginn. Verkefnið var að finna upp á einhverri starfsemi eða fyrirbæri þar sem nýta mætti öll norrænu málin. Einnig var finnska þinghúsið skoðað og við fengum góða kynningu á starfsemi þess. Farin var dagsferð til Mjölbolsta, norður af Helsinki, þar sem nemendur tóku þátt í ýmsum þrautum sem þau þurftu að leysa með sínum hópi ("adventure-rail") en til þess þurftu þau að geta skilið hvert annað. Krakkarnir tóku sig saman og fóru á íshokkleik, sem er mjög vinsæl íþrótt í Finnlandi. Það var því ánægður

hópur sem hélt heim til Íslands eftir 5 daga upplifun á finnskri menningu og var ánægjulegt að sjá hversu mikil vinátta hafði tekist með finnsku og íslensku krökkunum og einnig kynntust þau níu nýjum Færeyingum í ferðinni."

Það er samdóma álit kennara þessara þriggja landa og nemenda að samstarfsverkefnið hafi tekist afar vel. Nemendur kynntust jafnöldrum frá tveimur öðrum Norðurlandanna og juku við þekkingu sína á menningu þeirra og tungumálum. Ákveðið hefur verið að halda þessu samstarfi áfram næsta skólaár og hefur sænskur verslunarskóli í Stokkhólmi bæst við þannig að næst verður um fjögurra landa verkefni að ræða.

Sú hefð hefur skapast í Verzlunarskólanum að áður en erlendir skiptinemar koma til Íslands er haldinn fundur með foreldrum íslensku nemendanna og farið vel yfir hvers ætlast er til af börnum þeirra sem gestgjafa. Það sama er gert áður en íslenski hópur-

inn heldur af stað. Þessir fundir eru afar mikilvægir, sérstaklega þar sem hluti hópsins er undir lögaldri og því á ábyrgð forráðamanna sinna. Nemendum er gerð grein fyrir því að þeir séu á ferðalagi á vegum skólans og því séu þeir andlit hans. Þeim er einnig gert ljóst að ef reglur skólans eru brotnar af einhverjum einstaklingi, þá séu viðurlögin þau, að viðkomandi er sendur heim á eigin kostnað. Til þess hefur aldrei komið og reglur skólans og kennara eru virtar. Nemendur hafa alltaf verið skólanum til sóma og borið vitni um heilbrigt og gott uppleði. Áhuginn á dönsku og nágrönnum okkar á Norðurlöndum eykst til muna og smitar út frá sér til annarra nemenda. Margir fyrsta árs nemendur bíða spenntir eftir að auglýst sé eftir þátttakendum í þessa áfanga og leggja metnað í að hafa mætingar og ástundun í lagi svo þeir eigi möguleika.

Umsögn nemenda:

Udvekslingen var en oplevelse for livet, som gav mig muligheden at se og mærke en anden kultur. At leve det islandske liv i en uge var læringsfuldt. Ligesom venskabe var skabt, blev synet på mit naboland, Island, ændret. En meget god og spændende uge, og jeg ville helt sikkert gøre det igen :)

Venligst

Lilja Sørensen, Færøerne

Mér þótti frábært að kynna ungmennum á sama aldri og sjá muninn á lífi okkar, umhverfi og uppleði. Einnig er yndislegt að hugsa til þess að eiga nú bæði kunningja í Finnlandi og Færeyjum til að heimsækja ef tækifæri gefst.

Diljá Helgadóttir

Sjálfsmynd

Nemendaskipti í Verzlunarskóla Íslands

Nemendaskipti við Árhús Købmandsskole er fastur liður í starfi Verzlunarskóla Íslands. Þema verkefnisins í ár var sjálfsmynd, „identitet“, þar sem nemendur áttu að skoða það hvernig er það að vera Íslendingur eða Dani og hvernig aðrir upplifa okkur. Í ár sáu Ingibjörg Ósk Jónsdóttir dönskukennari og Þröstur Geir Árnason íslenskukennari um verkefnið.

Sunnudaginn 2. október tóku 33 nemendur í Verzlunarskóla Íslands á móti 33 nemendum frá Árhús Købmandsskole og áttu íslensku nemendurnir að vera gestgjafar í eina viku. Tveir kennarar komu með dönsku nemendunum. Búið var að gera nákvæma dagskrá fyrir vikuna þar sem Danirnir fóru m.a. á fyrirlestur um íslenskar hljómsveitir, fengu kynningu á íslenskri tungu, fóru í hestaferð, til Nesjavalla, sáu Gullfoss og Geysi, heimsóttu söfn og tónlistarhúsið Hörpu, fengu leiðsögn um bæinn með Birnu Þórðardóttur, fengu pylsu á Bæjarins bestu og fóru í heimsókn og fengu fyrirlestur í CCP. Danirnir skoðuðu Perluna, fóru í ferð um Reykjanesið og nutu vatnsins í Bláa lóninu. Ýmis verkefni voru unnin í tölvustofum, tekin voru viðtöl við nemendur og að sjálfsgöðu voru bekkir heimsóttir og aðrir nemendur í skólanum fengu að spreyta sig á dönskunni. Á föstudagskvöldinu hittust allir þátttakendur í skólanum þar sem íslensku foreldrarnir komu með kræsingar á borð og haldið var allsherjar kveðjuhóf. Á meðan á dvölinni stóð voru alltaf tveir til þrjú íslenskir nemendur sem báru ábyrgð á hverjum degi fyrir sig og áttu að skrifa um hann, taka viðtöl og myndir.

Sunnudaginn 4. mars héldum við svo af stað til Danmerkur.

Fyrir ferðina voru búnir að vera ótal fundir og skipulagning með nemendum og foreldrum þeirra. Við flugum til Kastrup og tókum síðan rútu til Árhús. Þegar við komum til Árhús ókum við beina leið til Købmandsskolen þar sem foreldrar og nemendur sóttu sinn gest. Á mánudeginum heimsóttum við Idrætshøjskolen í Árhús og tókum þátt í dagskránni hjá þeim allan daginn. Þrjú Íslendingar voru við nám við skólann og gátu sagt okkar nemendum frá veru sinni þar. Nemendur voru almennt mjög ánægðir með daginn. Um kvöldið snæddu allir nemendurnir saman á veitingastað úti í bæ. Á þriðjudeginum var farið í heimsókn í Alexandra-instituttet þar sem nemendur fengu að kynna því sem þar fer fram og eftir það var farið í ratleik um gamla bæinn í Árhús þar sem nemendur áttu að finna ýmis kennileiti. Um kvöldið voru Íslendingarnir með gestgjöfum sínum. Á miðvikudeginum var farið í Aros, mjög fallett og stórt safn þar sem glerverk Ólafs Elíassonar prýðir þak safnsins, mjög skemmtilegt verk

og óskaplega fallett útsýni. Nemendur fengu mjög góða leiðsögn um safnið og eftir hádegisdag var farið í Arkitektaskólann þar sem tekið var á móti nemendum og þeir upplýstir um námið í skólanum. Um kvöldið var síðan farið í keilu. Á fimmtudeginum var farið í rútu í Randers Regnskov og Kattégatcenteret þar sem hákarlar eru þjálfaðir. Á föstudeginum var farið í Lego-verksmiðjuna þar sem mjög vel var tekið á móti Íslendingunum og þeir leiddir um verksmiðjuna og hlýddu þeir á fyrirlestur um starfseminu. Um kvöldið var boð í skólanum þar sem allir foreldrarnir komu saman með rétt á borðið og borðað var sameiginlega og þakkað fyrir vikuna. Snemma á laugardagsmorguninn var haldið af stað með rútu til Kastrupflugvallar.

Það má segja að ferðin hafi gengið einstaklega vel og nemendur voru afskaplega ánægðir og fengu mikið út úr vikunni. Nemendur kynntust mismunandi menningu og upplifðu að búa á dönsku heimili. Voru íslensku nemendurnir vægast sagt heillaðir af danskri nestismenningu en á hverjum degi beið þeirra veisla í farangrinum sem gestgjafarnir höfðu útbúið um morguninn. Það má segja að svona nemendaskipti geri nemendur opna, viðsýna og umburðarlynda.

Ingibjörg Ósk Jónsdóttir
Dönskukennari
í Verzlunarskóla Íslands
ingibjorgo@verslo.is



Nú get ég brugðið fyrir mig dönskunni

Gunnar
Kristinn
Jónsson
nemandi í
Versló

Ég leit alltaf á dönskuna sem leiðinlegt fag sem ég myndi aldrei geta lært nógu vel. Baslið við hana á grunnskólaárunum var oft mikið og prófin kvöl. Svo liðu nokkur

ár og ég fór í menntaskóla og þangað kom ég með því hugarfari að danskan yrði alltaf þetta erfiða fag sem ég kynni ekkert í og gæti ekki lært. Fyrsti dagurinn rann upp og kennarinn gekk inn og kynnti sig. Strax á fyrstu dögnum var lagt fyrir okkur próf sem átti að meta stöðu okkar úr grunnskóla í ýmsum fögum. Jú, auðvitað var danskan metin líka og ég hugsaði sem svo að nú væri ég kominn aftur inn í þessa eilífu dönsku sem ætlaði engan endi að taka. Fyrstu dönskutímarnir í menntaskólanum voru jafnerfiðir og þeir fyrri en það var samt eitthvað öðruvísi núna. Það var hvernig kennarinn kenndi efnið og hvernig hann kom fram við krakkana. Allt í einu var ég farinn að fá smá áhuga á efninu og mér fannst eins og danskan festist betur. Svo komu prófin og alltaf urðu þau auðveldari og auðveldari, það var eins og losnað hefði um einhverja meinloku og nú var danskan ekki lengur þetta þunga hlass sem ég hafði borið hér á árum áður. Ein og hálf önn leið og ég var allt í einu orðinn stúdent í dönsku með pomp og prakt og góðri lokaekinn.

Það sem átti einna mestan þátt í þessari velgengni var hvað dönskukennarinn var frábær og hversu auðvelt hann átti með að koma námsefninu til skila til nemendanna. Þetta dæmi um mig sýnir hvað góður kennari getur áorkað miklu. Sum verkefni voru kannski skemmtilegri en önnur eins og gengur og gerist. Sem dæmi má nefna að um hverja einustu helgi var sett fyrir verkefni sem kallað var „logbog“, þá áttum við að skrifa 150–200 orð um eitthvað fyrirfram ákveðið efni – oft tengt okkur sjálfum, t.d. áhugamálum eða fjölskyldu. Alltaf fannst mér „logbogen“ jafnleiðinleg en ef ég lít til baka sé ég að þessi vinna gerði mér mjög gott og ég fann smátt og smátt hvernig ég varð betri í að rita dönskuna og einnig að tala hana. Já, það eru margir sem komast aldrei upp á lag með dönskuna, aðrir ná henni frá upphafi. Í mínu tilfelli var það þannig að þegar ég byrjaði að komast upp á lag með hana varð hún alltaf skemmtilegri og skemmtilegri og auðveldari og auðveldari. Nú get ég brugðið fyrir mig dönskunni eins og ekkert sé.



GUNNAR KRISTINN JÓNSSON

„Það eru forréttindi að vera tvítyngd“

Ég heiti Snæfríður Sól Thomasdóttir og er fimmtán ára gömul. Mamma mín er íslensk en pabbi minn er sænskur. Ég hef búið í sjö ár á Íslandi og nú ár í Svíþjóð. Ég kann íslensku og sænsku jafn vel og það gerir mig tvítyngda. Tungumál er eitt af því sem mér þykir áhugaverðast og í haust hef ég nám við Menntaskólann við Hamrahlíð og fer þar á málabraut.

Ég hef verið í 9. og 10. bekk í Uppsölum í Svíþjóð en var áður í Valhúsarskóla á Seltjarnarnesi. Mér finnst jákvætt að vera tvítyngd. Það er æðislegt að geta kallað sig bæði sænska og íslenska og geta ferðast á milli þessa landa og skilið allt sem er sagt og skrifað. Það er einnig tvítyngda heila mínum að þakka að ég á léttara að læra ný tungumál. Ég á ekki í neinum erfiðleikum með ensku og ég hef lært frönsku í eitt og hálf ár í Svíþjóð en kann jafn mikið og bekkjafélagar mínir hér í Uppsölum sem hafa lært í fjögur ár.

Það hefur verið sýnt fram á að börn sem læra fleiri en eitt tungumál þegar þau eru litil eiga auðveldara með að læra ný tungumál þegar þau eru eldri. Með þetta í huga gæti ég kennt barninu mínu þrjú, hví ekki fjögur, tungumál og hver veit hvað það mun kunna mörg þegar það væri tvítugt! Annað sem er jákvætt með að kunna tvö Norðurlandamál er að ef ég færi til hinna Norðurlandanna (fyrir utan Finnland) gæti ég að miklu leyti skilið það sem þau segðu. Sænska, norska og danska eru það lík mál að ef maður kann eitt af þeim er auðvelt að skilja hin.

Á Íslandi er danska kennd frá sjöunda bekk og alla leið upp í menntaskóla. Mörgum unglingum finnst það hundleiðinlegt vegna þess að þeim finnst danskan erfið og ljót. Ég hef heyrt marga segjast frekar vilja læra sænsku eða norsku þar sem framburðurinn er auðveldari en í dönskunni. Sumir kvarta líka undan því að það sé óþarfi að læra dönsku vegna þess að ef þeir færu til einhverra hinna Norðurlandanna myndu þeir tala ensku en ekki dönsku. Ég hef hins vegar rekist á nokkur tilfelli þar sem danskan er notuð, t.d. þegar vinkonur mínar hafa heimsótt mig til Svíþjóðar og skilið sumt af því sem er sagt eða skrifað vegna þess að þær hafa lært grunninn í dönsku. Þess vegna skiptir ekki svo miklu máli hvort fólk læri sænsku, dönsku eða norsku, það er hægt að nota þau á öllum Norðurlöndunum. En mér finnst það mjög gamaldags hugsun að við lærum dönsku vegna þess að við vorum einu sinni nýlenda Dana. Ég held að það myndi auka áhuga ungs fólks á að læra Norðurlandamál ef það fengi sjálfst að velja hvaða mál það lærði! Kannski á einhver kunningja í Noregi og fyndist því gaman að geta talað norsku eða kannski fer einhver reglubundið til Svíþjóðar og fyndist gaman að geta gert sig skiljanlegan þar. Ef krakkar fá sjálfir að velja það tungumál sem þeir læra mun það gagnast þeim miklu betur.

Einn kostur við að vera tvítyngdur er hversu mikið maður lærir. Oftast lærum við sögu lands okkar og menningu en þeir sem

eru tvítyngdir læra um tvö lönd. Ég hef líka verið svo heppin að fá að kynna skóla bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Ég var í leikskóla fram að þriðja bekk í Svíþjóð en flutti síðan til Íslands og var frá fjórða til níunda bekk á Íslandi. Á Íslandi lærði ég mikið í Íslands sögu auk annarra faga en í Svíþjóð fékk ég framúrskarandi kennslu í náttúrufræði og stærðfræði í níunda og tíunda bekk. (Í Svíþjóð kallast þeir áttundi og níundi bekkur, þar sem skólaskylda er níu ár en ekki tíu eins og á Íslandi.) Mér fannst svolítið erfitt að fara svona á milli landa og kannski hef ég misst af einhverju námsefni í báðum löndum en ég hef einnig lært margt sem aðrir hafa ekki lært. Þar sem þetta eru tveir Norðurlandaskólar er ekki mikill munur á þeim en hins vegar eru margir litlir hlutir sem eru öðruvísi. Það sem ég hef lært er að það er meira lagt upp úr náttúrufræðikennslu og kennslu þriðja tungumáls í Svíþjóð en samfélagsfræðikennslu og ensku á Íslandi. Með því að vera tvítyngd og búa í tveimur löndum hef ég fengið margs konar kennslu í öllum þessum fögum! Mér finnst það vera forréttindi að kunna mörg tungumál og ég vildi óska þess að allir fengju að upplifa það.



SNÆFRÍÐUR SÓL THOMASDÓTTIR

Snæfríður Sól Thomasdóttir
lauk grunn-
skólanámi í
Uppsölum í
Svíþjóð sl. vor

Íslenska í norrænu samstarfi

Margt bendir til þess að notkun norrænna tungumála í norrænu samstarfi sé á hröðu undanhaldi og æ algengara að samskipti séu á ensku. Nokkrir þættir ráða mestu um þessa öfugþróun. Ég nefni hér þrjá þætti en sú upptalning er ekki tæmandi. Í fyrsta lagi er lögð minni áhersla á sænskukennslu í Finnlandi og dönskukennslu á Íslandi. Í öðru lagi hafa breytingar á framburði dönsku orðið til þess að erfiðara er að skilja danskt talmál, einkum ungs fólks. Jafnvel eldri Danir eiga stundum í erfiðleikum með að skilja tal þeirra yngri. Í þriðja lagi virðist sú afstaða útbreidd meðal ungmenna af ólíku þjóðerni að eðlilegra og öruggara sé að ræða saman á ensku, minni hætta sé á misskilningi og allir tali þá erlent tungumál.

Ég hafði áhuga á að kanna hvort það sé væri rétt sem mörgum virðist virtist, þ.e. að þekking Norðurlandabúa á tungumálum nágrannaþjóðanna hafi hefði hrakað. Lengi hafa menn ætlað að Danir, Norðmenn og Svíar skilji tungumál hverjir annarra en vitað að Finnar og Íslendingar skilja ekki skandinavísku tungumálin nema þeir læri þau sérstaklega. Íslenska er að sönnu skyld dönsku, norsku og sænsku en finnska er af allt öðrum uppruna. Finnska er ekki indó-evrópskt mál heldur finnsk-úgrískt. Finnar læra sænsku í

við norrænar sjónvarpsstöðvar hefur ekki nokkrum manni dottið í hug að nota ensku fyrir en á norrænum fréttastjórafundi nú fyrir skemmstu. Þá var enska samskiptamálið í fyrsta sinn, að beiðni finnsku fulltrúanna.

Götuheiti í Helsinki og sumum öðrum bæjum og borgum eru bæði á finnsku og sænsku, samfélagið er tvítyngt. Auglýsingar eru hins vegar flestar einungis á finnsku og þegar kemur að því að ræða við afgreiðslufólk í verslunum, veitingahúsum og gistihúsum gengur betur að nota ensku en sænsku, sérstaklega þegar um ungt fólk er að ræða. Finnar hafa dregið úr vægi sænsku í skólum sem er nú ekki lengur skyldufag til stúdentsprófs.

Ég ræddi við Mariu Riska, sænskukennara við HÍ, Axel Kronhelm, námsmann frá Álandi og Lars Lundsten, sem kennir við Norður-Karelíu-háskólann í Joensuu. Þau voru sammála um að sænskukunnátta væri á undanhaldi en höfðu ekki öll sömu skoðun á því hve hröð sú þróun væri. Axel sagði að stjórnvöld teldu málið snúast um peninga, þ.e. hvort leggja ætti í þann kostnað að hafa þjónustu á

báðum tungumálunum og hvort verja ætti fé til að kenna tungumálin. Hann telur að frekar eigi að viðurkenna að sænskukennsla skapi möguleika með því að opna dyrnar að Skandinavíu fyrir finnskumælandi Finna. Þannig geta þeir gert sig skiljanlega við Svía, Dani og Norðmenn.

Fimm prósent Finna hafa sænsku að móðurmáli. Flestir þeirra tala einnig finnsku. Finnland var hluti Svíþjóðar til 1809. Sænska var tungumál stjórnkerfis, dómstóla, háskóla og yfirstétta. Á þessu varð engin breyting þegar Finnland varð stórhertogadæmi í rússneska keisaradæminu 1809. Finnska varð raunar ekki jafnrétthá sænsku fyrir en 1863. Finnlandssænskan er frábrugðin þeirri sænsku sem töluð er í Svíþjóð en raunar eru fjölmargar mállýskur í Svíþjóð. Það eru einnig mállýskur í finnsk-sænsku. Sumir telja nábylið við finnsku hafa haft áhrif á framburðinn. Aðrir telja að finnsk-sænskan hafi varðveitt framburð sem er horfinn í Svíþjóð nema í nyrstu héruðum landsins. Margir hafa á orði að finnsk-sænskan sé það norræna tungumál sem sé auðveldast fyrir aðrar Norðurlandþjóðir að skilja vegna þess hversu skýrt öll hljóð eru borin fram.

Víkur nú sögunni að ásókn enskunnar og hvaða tungumál Íslendingar nota í norrænum samskiptum. Brynja Stefánsdóttir gerði samanburðarrannsókn á notkun Íslendinga á skandinavískum tungumálum í norrænu samstarfi, bæði í stjórnkerfinu og meðal fólks í atvinnulífinu. Í rannsókninni leit Brynja annars vegar á íslenska stjórnvöldum og hins vegar

Þessi grein er byggð á röð pistla sem höfundur flutti í fréttaskýringarþættinum Speglinum í Ríkisútvarpinu í apríl 2012. Við gerð pistlanna var rætt við málvísindamenn og fjölda fólks á öllum Norðurlöndunum. Þetta er á engan hátt vísindaleg úttekt enda er höfundur ekki málvísindamaður.

skólum en nú virðist sænskukunnátta á hröðu undanhaldi meðal þeirra sem hafa finnsku að móðurmáli. Hér get ég sjálfur borið vitni. Á þeim þrjátíu árum sem ég hef átt samstarf

á viðskiptalífíð. Mastersritgerð hennar við Hafnarháskóla árið 2011, *Mellem nostalgi og realitet*, er byggð á rannsókninni og sýnir, líkt og fyrri rannsóknir, að mjög hátt hlutfall aðspurðra telur notagildi skandinavískra tungumála mikið í norrænu samstarfi. Niðurstaða hennar er að notkun skandínavísku sé ekki á undanhaldi í norrænum samskiptum Íslendinga þó að enska sé mikið notuð, einkum í viðskiptalífínu. Hins vegar segir hún að niðurstöður umfangsmikilla samnorrænna rannsókna staðfesti enskuást Dana umfram aðra Norðurlandabúa.

Enskan laumar sér víða inn. Ungir viðmælendur mínir, Axel Kronholm, sem ég hef áður getið, og Sajeev Sankar, segjast báðir nota nær eingöngu ensku í samskiptum við aðra Norðurlandabúa. Sajeev, rúmlega tvítugur danskur námsmaður, segir að enskan sé alþjóðlegt tungumál og það virki gamaldags að nota Norðurlandamálin. Danir vilji gjarna nota ensku og séu þannig gerðir að þeir skipti yfir í ensku um leið og þeir heyri að fólk talar ekki fullkomna dönsku. Þetta hafi þann galla að það sé erfitt fyrir viðkomandi að bæta dönskukunnáttuna.

Víkjum nú að skilningi þjóðanna á öðrum norrænum tungumálum. Menn hafa lengst af gengið út frá að Danir, Norðmenn og Svíar skilji tungumál hver annarra – en er það nú svo? Ég ræddi í pistlum mínum við Jørn Lund, forstöðumann Det Danske Sprog- og Litteraturselskab. Hann er fyrrverandi kennari og prófessor í dönsku við Kaupmannahafnarháskóla og Kennaraháskóla Danmerkur. Jørn Lund segir að Færeyingar séu langbestir í skilja norrænu tungumálin, þeir tali reiprennandi dönsku, eigi auðvelt með

að skilja sænsku og norsku og geti að minnsta kosti lesið íslensku. Það sé dæmigert fyrir mjög lítið samfélag, þar verði menn að geta talað erlend tungumál. Norðmenn eru næstbestir, Svíar og Danir eru lakastir. Einnig staðfestir ný norsk rannsókn að skandínavísku þjóðirnar eigi ekki auðvelt með að skilja tungumál hinna. Jørn Lund segir að grípa verði strax í taumana til að stöðva ásókn enskunnar.

S a m k v æ m t könnun Brynju Stefánsdóttur skiptir máli hvort fólk líti meir á sig sem Evrópubúa eða Norðurlandabúa þegar það velur sér samskiptamál

á norrænum vettvangi. Aðalsteinn Davíðsson segir að það sé alls ekki óhjákvæmileg þróun að enska komi í stað Norðurlandamálanna en það verði að bjóða upp á fleiri tækifæri til að nota norræn tungumál.

Grannar Dana segja að svo erfitt sé að skilja dönsku að Danir skilji ekki hver annan. Jørn Lund segir að nokkuð sé til í því og í því samhengi talar hann um „mumledansk“ eða „umldönsku“. Hvað varðar afturför á dönsku-skilningi Íslendinga segir Lund miklu máli skipti að danska sé ekki lengur fyrsta erlenda tungumálið í skólum. Hann og Aðalsteinn Davíðsson, fyrrverandi



BOGI ÁGÚSTSSON

málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins, nefndu raunar báðir að ákveðin þáttaskil hefðu orðið þegar farið var að gefa Andrés önd út á íslensku.

Niðurstaða þessarar litlu úttektar á stöðu tungumála í norrænu samstarfi sýnir mér vera að norrænar þjóðir séu líklegri en áður til að nota ensku í samskiptum sínum. Í almennum samskiptum ungs fólks virðist enska nú þegar ríkjandi. Nánast öruggt er að formleg samskipti á vettvangi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar verði áfram á tungumálum þjóðanna. Hvað almenningur gerir; det er vores ansvar.

Bogi Ágústsson
fréttamaður
og formaður
Norræna
félagsins í
Reykjavík

Íslensk móðurmálskennsla í Danmörku og Svíþjóð

Algennt er að Íslendingar flytjist búferlum til Norðurlandanna, bæði til að vinna en ekki síst til að mennta sig. Mörg íslensk börn dvelja því hluta bernskunnar í umhverfi þar sem íslenska er minnihlutamáli og kennsla í skólum barnanna fer fram á norrænu máli. Móðurmálskennsla skiptir þessa nemendur miklu máli. Í greininni er fjallað um rannsókn á kennslu sem íslenskum börnum stendur til boða í Danmörku og Svíþjóð.

Tvítyngi hefur jákvæð áhrif á vitsmunafroska þegar báðum tungumálunum er viðhaldið (*Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska*, 2007). Thomas og Collier (1997) halda því fram að til að tryggja vitsmunalegan og fræðilegan árangur nemenda í öðru máli sé mikilvægt að fyrsta málkerfi nemenda, munnlegt og skriflegt, hafi þróast á hátt vitrænt stig. Fræðileg þekking og hugtakaþróun flyst þá frá fyrsta málinu yfir á annað málið. Í aðalnámskrá grunnskóla í íslensku er þess getið að ef börn eru á viðkvæmu máltökuskeiði þegar þau skipta um málumhverfi sé farsælast að þróun móðurmáls haldi áfram og að seinna málinu sé bætt við, þ.e. að stuðlað sé að viðbótarmáli og virku tvítyngi en ekki málskiptum. Með virku tvítyngi er átt við það að notuð séu tvö mál í hinu daglega lífi og lifað sé í tveimur menningarheimum. Sé móðurmáli ekki haldið við er að auki hætt á að samskipti og tjáning milli barna og forráðamanna og málumhverfis þeirra almennt verði takmörkuð. Börn, sem alast upp við tvö tungumál samtímis eða læra nýtt tungumál á grunnskólaaldri og viðhalda jafnframt móðurmálinu, eru vel í stakk búin til að takast á við nám á hvoru máli fyrir sig (*Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska*, 2007).

Þýðing móðurmáls við kennslu tvítyngdra nemenda

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á tvítyngi sem m.a. hafa sýnt að tengsl eru á milli fyrsta og annars

Móðurmálið gegnir sérstöku hlutverki þar sem það leggur grunninn að tileinkun annarra mála og barnið notar það til viðmiðunar við nám í nýju máli (Larsen, 2008). Þegar kennsla fer fram á tungumáli sem tví- eða fjöltyngdur nemandi hefur ekki náð sömu tókum á og skólafélagarnir upplifir hann ákveðna hindrun sem getur haft afgerandi þýðingu fyrir sjálfsmynd, vitsmuna- og tilfinningaþroska einstaklings (Concha, 2007). Þótt niðurstöður margra rannsókna sýni helst fram á góðan námsárangur í öðru máli ef nemandi

nýtur móðurmálskennslu hlýtur færni í móðurmálinu einnig að aukast þegar vel er að verki staðið. Fyrir þá nemendur sem snúa aftur heim til Íslands eftir nokkurra ára dvöl á Norðurlöndunum skiptir móðurmálskennsla miklu máli og auðveldar þeim að hefja eða halda áfram skólagöngu á Íslandi. Hún ætti að grynna bilið, þ.e. þann mun sem er á færni í íslensku hjá þeim sem búsettir eru erlendis annars vegar og jafnaldrar á Íslandi hins vegar, bil sem annars myndi breikka ört meðan á búsetu erlendis stendur.

Edda Rún Gunnarsdóttir
Íslenskukennari
í Danmörku

Greinin er byggð á nýlegri meistaraþrófsritgerð höfundar og rannsókn á móðurmálskennslu íslenskra barna í Danmörku og Svíþjóð. Í rannsókninni var skoðað hvort og þá hvernig mismunandi stefna stjórnvalda hefði áhrif á íslenskukennsluna og hvort munur væri á líklegum árangri hennar. Til að meta þetta var viðhorf kennara kannað, einnig markmið þeirra með kennslunni, námsgögn og námsmat. Niðurstöður, sem byggjast á svörum fimm íslenskra móðurmálskennara í Danmörku, og fjögurra í Svíþjóð, benda til þess að nokkur munur sé á framkvæmd íslensku móðurmálskennslunnar í löndunum tveimur.

máls. Thomas og Collier komust t.d. að því að formleg kennsla í móðurmálinu hefur forspárgildi um árangur í námi annars máls. Þeir telja afar mikilvægt að vitsmunapróski haldi áfram að þróast á móðurmáli nemenda, sérstaklega á grunnskólaaldri (Thomas og Collier, 1997).

Niðurstöður rannsóknar Hyltenstam og Tuomela (1996) leiddu í ljós að móðurmálskennsla stuðlar að góðum námsárangri, sterkri þjóðernislegri sjálfsmynd og hefur þýðingu fyrir þróun móðurmáls, annars máls og þekkingaröflun (Hyltenstam og Tuomela, 1996; *Flera språk – fler möjligheter*, 2002). Sænsk langtímarannsókn sem birt var árið 2008 (*Med annat modersmål*, 2008) leiddi í ljós að tvítyngdir nemendur, sem nutu móðurmálskennslu, hlutu hærra meðaleinkunn í sænska grunnskólanum en aðrir nemendur, bæði erlendir sem ekki voru í móðurmálskennslu og nemendur af sænskum uppruna. Samkvæmt rannsókninni var ekki hægt að rekja niðurstöðurnar til bakgrunns nemenda. Rannsóknin leiddi þó í ljós að foreldrar þeirra sem sóttu móðurmálskennslu voru yfirleitt á hærra menntunarstigi en viðmiðunarhópurinn. Ekki var hægt að sjá hvaða þættir það voru í móðurmálskennslunni sem höfðu þessi afgerandi áhrif á námsárangur nemendanna.

Skutnabb-Kangas (1995) telur að í síðmenntuðu samfélagi ætti ekki að vera þörf á rökræðum um rétt einstaklinga til að viðhalda móðurmáli sínu og þróa það. Hún telur það vera augljós grundvallarmannréttindi. Hún álitur einnig að það sé réttur allra barna að fá tækifæri til að ná fullri færni í því máli sem þau lærðu fyrst, að vera stolt af því og njóta virðingar annarra. Ef kennsla á öðru tungumáli kemur í veg fyrir að móðurmál

barnsins fái að þróast geta rætur móðurmálsins visnað. Þá hefur barnið aðeins lausatök á tveimur málum og hvorugt þeirra rótfast (Skutnabb-Kangas, 1981).

Íslenskukennarar í Danmörku og Svíþjóð

Íslensk börn á grunnskólaaldri, sem búsett eru á Norðurlöndum, eiga rétt á íslenskukennslu samkvæmt milliríkjasamningum eða reglugerðum flestra norrænu ríkjanna þar sem litið er á móðurmálskennslu sem mannréttindamál. Móðurmálskennslan er kostuð af viðkomandi ríki en fyrirkomulag hennar er mismunandi eftir löndum og sveitarfélögum. Reglunum er sífellt verið að breyta og tilhneiging hefur verið til niðurskurðar í öllum löndum (*Um íslenskukennslu erlendis á grunnskólastigi*, 1995) og ákveðin skilyrði þarf að uppfylla til að eiga kost á kennslunni. Þau eru meðal annars að ákveðinn fjöldi nemenda þarf að vera til staðar og hæfur kennari.

Í rannsókn undirritaðrar tóku níu kennarar þátt. Sjö af þeim luku grunnskólakennaraprófi á Íslandi. Einn lærði í Danmörku og einn í Svíþjóð er ekki lærður kennari en er þó með kennsluréttindi. Í lögum beggja landa er talað um að kennarar verði að vera hæfir til starfsins. Þeir ættu helst að vera með kennaramenntun og jafnvel búnir að sérhæfa sig í að kenna málið. Ef kennari með menntun er ekki til staðar má annar kennari sem hæfur þykir sjá um kennsluna (*Modersmålsundervisning*, 2008; *Grundskola. Tema modersmål*, 2009).

Kennararnir fjórir í Svíþjóð funda reglulega með öðrum móðurmálskennurum og eru hluti af stofnun sem þeir eru ráðnir við. Fjórir af fimm kennurum í Danmörku funda reglulega með öð-



EDDA RÚN GUNNARSDÓTTIR

um móðurmálskennurum innan sveitarfélagsins en virðast þrátt fyrir það vera frekar einir á báti. Ekkert tengslanet virðist vera hjá íslensku móðurmálskennurum í þessum löndum. Þeir kenna sömu námsgreinina tvítyngdum íslenskum nemendum í svipaðri aðstöðu, með sama menningararf og móðurmál. Kennarar og nemendur myndu eflaust hagnast vel af samvinnu milli kennara, hægt væri að skiptast á hugmyndum um kennsluna og ræða úrræði gagnvart vandamálum sem kunna að koma upp. Þá mætti ræða um hvaða námsgögn hafa hentað vel. Ástæða þessara litlu samskipta er ef til vill sú að kennarar fá aðeins greitt fyrir ákveðinn fjölda tíma á viku, sem virðast vera af skornum skammti, og tímarnir fara væntanlega flestir í kennsluna, skipulag hennar og fyrirfram ákveðna fundi með móðurmálskennurum sveitarfélagsins. Kennarar telja fundahald og samskipti við aðra íslenskukennara kannski vera of tímafrek þar sem þeir fá ekki laun fyrir þau eða vita hreinlega ekki hver af öðrum.

Skilyrði fyrir íslenskukennslu

Í Danmörku þarf tólf nemendur hið minnsta til þess að kennsla í móðurmáli verði sett á fót en í Svíþjóð er aðeins miðað við fimm nemendur. Í Svíþjóð eiga allir nemendur sem hafa annað móðurmál en sænsku rétt á móðurmálskennslu en í Danmörku eiga aðeins nemendur frá aðildar-ríkjum EES og ESB ásamt danska ríkjasambandinu rétt á kennslu í móðurmáli sínu. Þetta á við ef nemendur ná lágmarksfjölda og hæfur kennari fæst, eins og áður kom fram (Bergþóra S. Kristjánsdóttir, 2006; *Grundskola. Tema modersmål*, 2009). Áhrif stjórnvalda á móðurmálskennsluna eru fyrst og fremst þau í Danmörku að meiri kröfur eru gerðar, bæði um fjölda nemenda og uppruna þeirra. Ekki eiga allir tvítýngdir nemendur jafnan rétt á móðurmálskennslu og þar afleiðandi eiga mun færri kost á því að njóta móðurmálskennslu en í Svíþjóð, það á þó ekki við um íslenska nemendur.

Samskipti við heimilin

Í báðum löndunum eru samskipti við forráðamenn eftir þörfum í gegnum síma, tölvupóst eða þegar foreldrar sækja nemendur að lokum kennslutíma. Munur eftir löndum hvað formlega foreldrafundi varðar felst í því að stofnanirnar sem tveir kennarar í Svíþjóð eru ráðnir við hafa gert ákveðnar kröfur til þeirra. Einn á að eiga símafund með foreldrum hvers nemanda á hverri önn og annar á að halda formlega fundi með foreldrum. Í Svíþjóð eru því gerðar meiri kröfur um samskipti við foreldra og þátttöku þeirra.

Flestir foreldrar virðast áhugasamir um kennsluna og skilja mikilvægi þess að viðhalda móðurmálinu, að minnsta kosti þeir sem nýta sér móðurmálskennsluna. Þeir sem nýta sér ekki kennsluna

eru helst þeir sem eru í öðrum skóla en þeim sem kennslan fer fram í og geta ekki komið börnum sínum á milli staða. Viðhorf þeirra foreldra sem hafa ákveðið að setjast að í landinu eru stundum frábrugðin viðhorfum þeirra sem vita að þeir eru þarna tímabundið. Þeir sjá ágæti kennslunnar í því að nemandi viðhaldi íslenskunni þannig að hann geti lesið, talað og skrifað það helsta sem þörf krefur. Þeir sem vita að þeir muni flytja aftur til Íslands í nánustu framtíð vilja að nemendur viðhaldi íslenskunni sem mest þannig að þeir verði í stakk búnir fyrir áframhaldandi skólagöngu á Íslandi.

Skipulag kennslunnar og námsgögn

Allir kennararnir níu sjá sjálfir um að setja saman stundatöflur og skipuleggja kennsluna. Algengast er að kennslan fari fram eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og aðeins einn kennari í hvoru landi kennir hluta af nemendahópnum á miðjum skóladegi. Í Danmörku eru kennslustundirnar yfirleitt 75–150 mínútur. Í Svíþjóð eru þær 25–80 mínútur og þar eru yfirleitt færri nemendur í hópi.

Það var í raun enginn munur á dæmigerðri kennslustund í löndunum. Kennarar hafa allir frjálsar hendur með skipulag kennslunnar en sumir þurfa að fylgja ákveðnum markmiðum. Kennslan hjá öllum kennurum beggja landa er einstaklingsmiðuð og það er væntanlega mikilvægt þar sem hún á að miðast við stöðu hvers nemanda. Hún er kennsla í tungumálinu en jafnframt ber að taka tillit til aðstæðna nemenda (Sigurður Konráðsson, 2007). Í þessu tilfelli eru aðstæður nemenda þær að þeir eru búsettir í Danmörku eða Svíþjóð og tala yfirleitt ekki móðurmál sitt í hinu daglega lífi og þurfa því kennslu til að viðhalda málinu og jafnvel

til að auðvelda flutning til Íslands og áframhaldandi skólagöngu þar. Kennarar þurfa því meðal annars að taka tillit til þess að námsefni sem er hannað fyrir nemendur á Íslandi er ekki alltaf við hæfi.

Langflestir virtust leggja áherslu á að láta nemendur tjá sig en samkvæmt sænsku námskránni fyrir móðurmálskennslu á að stuðla að því að nemendur þrói hæfni í skilningi og tjáningu, bæði munnlega og skriflega. Ennfremur eiga þeir að geta lesið og skrifað texta af ýmsu tagi á móðurmálinu og sænsku (Concha, 2007; Skolverket, 2002). Kennsluhættir í báðum löndum virtust almennt nokkuð fjölbreyttir og sjaldgæft er að nemendur vinni og geri æfingar heila kennslustund. Kennarar brjóta kennsluna yfirleitt upp með leikjum, tölvuvinnslu eða öðru sem nemendum þykir skemmtilegt.

Námsgögn

Allir kennararnir nema tveir frá Danmörku kaupa námsgögnin frá Námsgagnastofnun sem veitir þeim 80% afslátt af námsgögnum í íslensku og samfélagsfræði. Einn hefur ekki pantað gögn en annar pantar frá Skólavörðubúðinni. Kennararnir kvarta yfir því hve há sendingarkostnaðurinn er og sjá því sjálfir um að koma gögnunum til Danmerkur eða Svíþjóðar. Ýmislegt úr leiðarvísi menntamálaráðuneytisins og Skruddu (1995) á enn við í dag þrátt fyrir að hann sé í raun ekki í gildi. Sem dæmi ættu íslenskukennarar erlendis samkvæmt honum helst að styðjast við útgefin námsgögn frá Námsgagnastofnun á Íslandi til að ná markmiðum kennslunnar. Þó ber að hafa í huga að námsefnið sem ætlað er íslenskum nemendum á Íslandi er ekki alltaf við hæfi. Kennarar verða því að laga það að færni og kunnáttu nemenda. Flestir

kennararnir virðast nota nokkuð fjölbreytt námsgögn, en það telur danska menntamálaráðuneytið mikilvægt, svo sem tölvuforrit, spil, myndir, tónlist, ýmsar tegundir bóka og vinnubóka og miðla þar sem nemendur fá að heyra lifandi, nútímalegt mál (Undervisningsministeriet, 2009). Það hlýtur einmitt að skipta máli til að nemendur læri og þjálfist í máli sem þeir hafa not fyrir.

Markmið, áherslur og mat

Markmið móðurmálskennslunnar í löndunum tveimur eru svipuð. Þau helstu eru að nemendur geti talað og lesið íslensku og séu með góðan grunn í málfræði og ritun. Kennarar leggja mismikla áherslu á málfræðiþáttinn og þar er ekki munur á löndum. Allir flétta samfélagsfræði og menningu Íslands inn í íslensku-námið en það eiga þeir að gera samkvæmt námskrám beggja landa (Concha, 2007; Undervisningsministeriet, 2009).

Allir kennararnir í Svíþjóð fara eftir sænskri námskrá fyrir móðurmálskennslu tvítýngdra nemenda. Kennararnir hafa markmiðin sem koma fram í námskránum til hliðsjónar við skipulagningu námsins. Þrír kennarar í Danmörku fylgja danskri námskrá fyrir móðurmálskennslu tvítýngdra nemenda. Þau eru svipuð og markmið sænsku námskrárinnar varðandi lestur og ritun. Markmið námskrár fyrir móðurmálskennslu tvítýngdra nemenda í löndunum tveimur eru í raun sambærileg en í Svíþjóð eru gerðar meiri kröfur um að kennarar fylgi þessum markmiðum. Það virðist þó ekki vera munur á löndunum hvernig kennarar haga kennslunni. Það er fremur einstaklingsmunur, þ.e. kennarar leggja áherslu á þá þætti

sem þeir telja mikilvæga til að ná markmiðum kennslunnar.

Í báðum löndunum voru meginþættir og áherslur í kennslunni svipaðar en helsti munurinn var áherslan á heimanám. Í Svíþjóð virtist vera meiri áhersla lögð á heimanám og kennararnir þeirrar skoðunar að ein kennslustund á viku nægi ekki ein og sér. Allir kennarar leggja annars áherslu á að nemendur viðhaldi íslensku og temji sér að nota hana. Mest áhersla er lögð á lestur og lesskilning en mismikil á málfræði og samfélagsfræði. Þeim virðist öllum þykja mikilvægt að nemendur séu læsir á íslensku.

Námsmat

Mikill munur er á námsmati í Danmörku og Svíþjóð. Ætlast er til að allir kennararnir í Svíþjóð meti árangur nemenda. Yngri nemendur fá skriflega umsögn og nemendur í tveimur efstu árgöngunum fá einkunnir sem birtast á prófskírteini. Í skriflegu umsögnunum skrifa kennarar m.a. hvort nemendur hafi náð markmiðum námsins. Námsmatið á að miðast við færni nemenda til að nota matið á skilvirkan hátt (Concha, 2007). Kennurunum í Danmörku ber engin skylda til námsmats og eru allir með óformlegt mat. Þeir hafa helst fylgst með heimavinnu nemenda en tveir hafa einnig skrifað stuttar umsagnir um nemendur í lok vetrar um mætingu og hegðun í tímum

Þótt kennarar séu ekki skyldugir til að meta námsárangur nemenda er fjallað lauslega um námsmat í móðurmálskennslu í gögnum danska menntamálaráðuneytisins. Þar er þess meðal annars getið að þegar kennari skipuleggur kennslu á hann samtímis að leggja grunn að námsmati. Hann ætti að ihuga af hverju hann ætlar að meta, hvað á að meta og hvernig. Þessar ígrund-

anir tengjast efnisvali kennara og vinnuaðferðum (Skolestyrelsen, 2011). Sveitarfélögin virðast þó ekki fylgjast með hvort móðurmálskennarar meti nemendur og krefjast þess ekki að þeir skili því inn, eins og í Svíþjóð.

Það er spurning hvort námsmat myndi ekki hvetja foreldra enn frekar til að leggja rækt við íslenskuna og styðja börn sín betur við heimanámið. Ef nemendur fá hvorki umsögn né einkunn telja foreldrar ef til vill minni ástæðu til að nota hluta af frítíma sínum í íslenskt heimanám. Þeir telja jafnvel nægilegt að börnin noti hluta af frítímanum í íslenskukennsluna einu sinni í viku. Kasper Johansen, talsmaður róttæka flokksins (d. radikale) í menntamálu, hélt því fram að þegar lokapróf er í námsgrein þá er henni sinnt af meiri alvöru. Það sagði hann þegar umræður urðu í Danmörku um hvort leggja ætti lokapróf fyrir nemendur móðurmálskennslunnar (Hansen, 2007). Það var þó aldrei samþykkt.

Mikilvægi námsmats er nokkuð ljóst og því má velja fyrir sér hvort námsmat íslensku móðurmálskennslunnar í Svíþjóð sé líklegra til að skila sér í auknum árangri kennslunnar frekar en í Danmörku þar sem námsmat er algjörlega óformlegt. Það er einnig áhugavert að velja því fyrir sér hvort foreldrar í Danmörku myndu taka meiri þátt í kennslunni ef nemendur fengju í lok kennslutímabils umsagnir og einkunnir. Þeir myndu jafnvel líta á kennsluna sem hluta af náminu í skólanum í stað þess að líta aðeins á hana sem friðun samviskunnar.

Að lokum

Niðurstöður rannsóknar þeirrar sem hér hefur verið fjallað um benda til þess að munur sé á framkvæmd íslensku móðurmálskennslunnar í Svíþjóð og

Danmörku. Móðurmálskennsla tvítyngdra barna í Svíþjóð virðist meðal annars vera markvissari og þar er meira eftirlit haft með kennurum en í Danmörku þar sem kennarar hafa meira frjálsræði og eru yfirleitt einir á báti.

Flestum er ljós nauðsyn þess að varðveita móðurmálskunnáttu tvítyngdra nemenda. Því er móðurmálskennslan grundvallaratriði. Þótt foreldrar hafi hugsað sér að búa erlendis um ókomin ár má ekki gleyma rétti barns til móðurmáls og að veita því tækifæri til að geta síðar flust til upprunalands síns hafi það áhuga á því eða viðhalda tengslum þrátt fyrir búsetu erlendis. Í ljósi þessa finnst mér áhyggjuefni að móðurmálskennsla

tvítyngdra nemenda sé ekki meira til umræðu og að ekki skuli vera vakin meiri athygli á mikilvægi þess að viðhalda móðurmálinu. Ég velti því einnig fyrir mér hvað veldur því að íslenskukennarar erlendis eru ekki í meira sambandi hver við annan, sérstaklega þeir sem eru í sama landi. Nýjungar og fjölbreytni halda kennurum við efnið og koma í veg fyrir kulnun í starfi. Ferskir og öflugir kennarar eru forsendan fyrir góðum árangri íslenskra ungmenna í útlöndum og stuðlar að farsæld þeirra í lífi og starfi. Það er einnig hagur Íslands að efla tengslanet sitt erlendis og það verður ekki síst gert með því að eiga þar sem flesta fulltrúa sem nota móðurmálið til að treysta sambandið við ættland sitt.



Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska.* (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Bergþóra S. Kristjánsdóttir (2006). Viljen til undervisning I tosprøgede elevs modersmål. Í Horst, C. (ritstjóri), *Interkulturel pædagogik* (bls. 99–125). Vejle: Kroghs Forlag.
- Concha, H. (2007). *Modersmålsundervisningen i Sverige – en krønika*. Malmö: Modersmålsundervisningen i Malmö.
- Flera språk fler möjligheter*, utveckling af modersmålsstødet og modersmålsundervisningen 2002. (2002). Svíþjóð: Skolverket. *Grundskola. Tema modersmål.* (2009). Mötesplats för modersmål i förskolor og skolor. Sótt 21. maí 2012 af modersmal.skolverket.se/index.php/grundskola
- Hansen, T. (2007). *Modermålsundervisning. Sprog er en ressource*. Københavns kommuneskole, 9, 9–11.
- Hyltenstam, K., Tuomela, V. (1996). Hemspråksundervisningen. Í Hyltenstam, K. (ritstjóri), *Tvåspråkighet med förhinder? Invandrar- och minoritetsundervisning i Sverige* (bls. 9–101). Lund: Studentlitteratur.
- Larsen, V. (2008). *Midt i en mangfoldighed af børn. Pædagogisk svar på en multikulturel samfundsudvikling*. Frederikshavn, Dafolo.
- Med annat modersmål – elever i grundskolan og skolans verksamhet.* Rapport 321. (2008). Svíþjóð: Skolverket. Sótt 21. maí 2012 af sprakforsvaret.se/sf/fileadmin/PDF/Annat_modersmaal.pdf
- Modersmålsundervisning.* (2008). Danmarks Lærerforening. Sótt af dlf.org/undervisning/elever+og+for%C3%A6ldre/tosprogede+elever/modersm%C3%A5lsundervisning.
- Sigurður Konráðsson (2007). Íslenska: Móðurmál og annað mál. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennung á Íslandi* (bls. 131–149). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennungarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan
- Skutnabb-Kangas, T. (1981). *Bilingualism or not: The education of minorities*. Clevedon: Multilingual Matters.
- Skutnabb-Kangas, T. (1995). Introduction. Í T. Skutnabb-Kangas (ritstjórar), *Multilingualism for all*. Lisse: Swets & Zetlinger B.V.
- Thomas, W., P. og Collier, V. (1997). *School Effectiveness for Language Minority Students*. Washington, DC: The George Washington University
- Um íslenskukennslu erlendis á grunnskólastigi.* (1995). Leiðarvísir (2. útgáfa). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið og Skrudda.
- Undervisningsministeriet (2009). Fælles mål. Modersmålsundervisning. Faghæfte nr 46. Kaupmannahöfn: Undervisningsministeriet.

Af svefnvenjum Íslendinga

Vinkona mín, færeysk, bjó lengi á Íslandi. Hún tamdi sér íslenska siði ásamt því að halda í færeyskar hefðir og náði svo góðum tókum á íslensku að varla mátti heyra að hún ætti ekki íslensku að móðurmáli. Sumt fannst henni þó skrýtið hér á landi. Til dæmis svefnvenjur Íslendinga sem sofa ofan á dýninni en undir sænginni. Það gera Færeyingar ekki. Þeir leggjast á sængina og breiða yfir sig dýnuna eins og Danir og Norðmenn.

Sæng, sem á færeysku heitir song en á dönsku og norsku seng er nefnilega í þeim málum það sem við köllum rúm. Dýnuna breiða þeir yfir sig enda er dýna á færeysku eða dyne á dönsku og norsku það sem við köllum sæng. Það sem við höfum sem undirlag í rúminu, liggjum ofan á og köllum dýnu heitir í Færeyjum madrassa, í Danmörku og Noregi madras/madrass. Vinkonu minni fannst alltaf jafnfyndið að hugsa sér okkur breiða vandlega úr sænginni (sem hún kallar dýnu) á gólfíð undir rúminu (sem hún kallar sæng) og skriða svo undir rúmið (sængina) til að sofa þar ofan á sænginni (dýninni).

Orðið sæng hefur lengi haft tvennis konar merkingu í íslensku. Annars vegar merkir það ver með fiðri, dúni eða trefjum úr gervi-efnum til að hafa ofan á sér eins og nú er ráðandi merking. Hins vegar merkir það rúm eða rekkja. Ýmis orðatiltæki tengjast þeirri merkingu, t.d. að sjá sína sæng upp reidda sem merkir að maður er úr leik, að hann sér að hann þarf að hætta einhverju. Orðasambandið

hefur með tímanum breyst í að sjá sæng sína útbreidda. Má ætla að þeir sem þannig tala þekki ekki þá merkingu orðsins sæng að það þýði rúm. Að reiða upp sæng er að búa um rúm og uppreidd sæng er upp-búið rúm. Orðatiltækið að liggja á sæng merkir að liggja í rúminu eftir að hafa fætt barn. Ekki er vitað til þess að nýbakaðar mæður liggja frekar en aðrir ofan á sænginni svo ótvírætt getur talist að sæng merki þar rúm. Á vef Árnastofnunar má finna 52 orðasambönd þar sem orðið sæng kemur fyrir. Öll nema tvö bera merkinguna rúm. Sum þeirra eru þó nánast alveg samhljóða. Auk þeirra þriggja sem fyrr hafa verið nefnd má nefna að ganga í eina sæng með einhverjum; skilnaður að borði og sæng; vera til sængur og fæðis.

Heimildir eru þögullar um orðið dýna sem á nágrannamálunum er það sem við köllum sæng. Dýna er náskyld orðinu dúnn og sögnin að dýna merkir að fylla af dún. Það er því rökrétt að nota orðið dýna um ver fyllt af fiðri eða dún sem fólk hefur yfir sér þegar það sefur. Þá merkingu hefur orðið ekki á íslensku heldur er það undirlag í rúmi. Páll Ólafsson gat þó notað það í merkingunni sæng þegar hann orti:

Á ástar kodda, undirsæng
og yfirdýnu
hvílir þú í hjarta mínu
hverja nótt í rúmi þínu.

Listi Árnastofnunar sýnir að eins fjögur orðasambönd með orðinu dýna og merkja öll undirlag í rúmi. Í svari við



ANNA SIGRÍÐUR ÞRÁINSDÓTTIR

spurningu á Vísindavefnum (<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=2544>) benti Guðrún Kvaran á að eldri merking orðanna sæng og dýna, sú sem sameiginleg er öðrum norrænum málum, lifði enn í málinu. Auk þess hefði merking þeirra færst til þannig að þau hafa nú líka aðra merkingu, ekki óskylda. Slíkt er ekki óalgengt og gerist gjarnan í skyldum málum.

Víkur sögunni þá aftur til vinkonu minnar frá Færeyjum. Þegar hún hafði hlegið góða stund að ímynduðum aðförum mínum við að koma mér í háttinn spurði ég hana hvers vegna í ósköpunum Færeyingar drykkju úr koppum og pissuðu í potta. Það myndi Íslendingum aldrei detta í hug.

Anna Sigríður Þráinsdóttir
málfars-
ráðunautur
Ríkisútvarpsins



A I I t

Við Íslendingar erum svo heppnir að geta lesið fornbókmenntir okkar nánast hjálparlaust. Þessi ending máls og menningar verður til þess að maður heyrir nið aldanna þegar hamrað er á íslenskt lyklaborð og það er óumræðilega huggandi – þarna er tiltölulega fast land undir fæti í fljótandi heimi.

Ritstörf fela nefnilega í sér tengingu við eilífðina. Rithöfundar vonast margir hverjir til þess að verk þeirra verði lesin af komandi kynslóðum, helst öldum ef ekki árpúsundum saman, rétt eins og kviður Hómers og Íslendingasögurnar. Sumir verða fyrst frægir eftir dauðann og við þann möguleika orna sér margir sem ekki höfðu sérstaklega til samtíma síns – í verkum þeirra kunni þrátt fyrir allt að leynast eiginleikar sem mölur og ryð fá ekki svo auðveldlega grandað.

Það er ekki sjálfgefið að bækur séu skrifaðar á íslensku. Um tíma voru bækur skrifaðar á latínu hérlendis, já og

svo kom kafli þar sem margt var skrifað á dönsku. Núorðið eru dægurlagatextar og fræðigreinar oft á ensku og vel getur hugsast að skáldin okkar taki að frumsemja á þessu esperantói nútímans eftir því sem enskukunnáttu fleygir fram og dreifing á bókverkum verður miðlægari.

Auðvitað hefur íslenskan þróast, og verður að þróast, en það er ekki sama hvernig hún þróast. Frá dögum Fjölnismanna og jafnvel lengur höfum við lagt okkur fram um að þróa hana með því að smíða ný orð jafnóðum, því íslenskan skal eiga orð „um allt, sem er hugsað á jörðu“. Flest höfum við montað okkur af því að íslenskan eigi sitt eigið orð yfir síma og þylur og tölvur. Í seinni tíð finnst manni þó bera æ meira á því að Íslendingar, sérstaklega þeir sem eru innan við miðjan aldur, hafi ekki fyrir því að orða hlutina á íslensku heldur sletti óspart ensku. Umburðarlyndi gagnvart því virðist líka hafa aukist, a.m.k. verður maður æ meira var við þetta í

Rúnar Helgi Vignisson
lektor við
Háskóla Íslands

veltur á eilífðinni



RÚNAR HELGI VIGNISSON

Ríkisútvarpinu sem lengi vel var helsta vígi hreintungustefnunnar. Alls staðar er talað um karakter og ímeil og í kringlunum okkar heita margar búðirnar enskum nöfnum. Sumt í beygingakerfinu virðist líka eiga í undir högg að sækja ef marka má málsmeðferð í netmiðlum.

Það eru víti að varast: Á hundrað árum hvarf íslenskan í Vesturheimi nánast sporlaust þó að vesturfararnir hefðu gert sér far um að viðhalda henni. En hún var umkringd ensku og mátti sín lítils á endanum. Við erum líka umkringd ensku, bæði í formi miðla og ferðmanna. Og enskan er þekkt fyrir að vera drápsmál sem útrýmir smáum tungumálum.

Ef maður hættir að trúá á íslenskuna sem framtíðarmiðil vakna efasemdir um tilganginn með því að skrifa á svo hverfulu máli. Og til hvers að hafa fyrir því að þýða yfir á mál sem á ekki framtíðina fyrir sér? Ég verð að viðurkenna að þetta hefur leitað á mig sem

rithöfund og þýðanda undanfarin ár. Lykillinn að eilífðinni er svo nátengdur skáldskapariðkun að tilhugsunin um einnota bókmenntir er nánast óbærileg. Þótt flestar bækur endi í þeim flokki er möguleikinn á að skapa varanleg verðmæti svo spennandi að tilhugsunin um bækur sem skammlífa neysluvöru, svona eins og mjólk, veldur því að sumum súrnar í augum. Það má ekki setja síðasta sölundag á eilífðina.

Niðurstaðan er því sú að við sem höfundar þurfum að hafa trú á framtíð tungumálsins. Hverfult tungumál er höfuðandstæðingur bókmenntanna. Eilíf ást er lykilatriði.

Árin 2011 og 2012 kom *Skíma* út sem rafrit, tvö tölublöð hvort ár, og birtist sem vefsíður á vefsvæði Samtaka móðurmálskennara.

En vefkerfi koma og fara og eru í örri þróun á meðan hönnun prentgripa er sígild.

Frá og með árinu 2013 var þráðurinn tekinn upp á ný og *Skíma* gefin út sem prentað tímarit.

Um leið var ákveðið að endurhanna vef-tölublöðin fjögur sem prentgripi og birta sem PDF-skjöl á vefnum þannig að bæði sé hægt lesa þau af skjá og prenta út, en hætta birtingu sem aðeins var sniðin að lestri af skjá.

Um leið verður unnt að vísa til innihalds tölublaðanna fjögurra með hefðbundnu blaðsíðutali í stað vefslóða.